



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Hugvísindasvið**

# **Fallegasta bók í heimi**

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Randí P. Kristjánsdóttir**  
**Janúar 2012**

Háskóli Íslands  
Íslensku- og menningardeild  
**Listfræði**

# Fallegasta bók í heimi

Ritgerð til B.A.-prófs

Randí P. Kristjánsdóttir  
Kt.: 130265-5379

Leiðbeinandi: Benedikt Hjartarson

Janúar 2012

## Ágrip

Í ritgerð þessari er fjallað um ólíkar birtingarmyndir þjóðarímyndarinnar, annars vegar í bókinni *Flora Islandica*, sem teikningar listmálarans Eggerts Péturssonar af íslenskri flóru prýða, og hins vegar í verkinu *Fallegasta bók í heimi*, þar sem einu eintaki bókarinnar *Flora Islandica* var umbreytt á mjög afgerandi hátt með því að maka blaðsíðurnar matvælum. Hið útataða verk var aðal hneykslunarhellan á sýningunni *Koddu*, sem var opnuð samdægurs í Nýlistasafninu og Alliance-húsinu síðastliðið vor.

Í fyrsta hluta ritgerðarinnar er greint frá þeim hörðu viðbrögðum, sem *Fallegasta bók í heimi* hlaut í íslensku samfélagi og menningarlífi og þeim deilum, sem spruttu upp í kjölfarið og sem urðu til þess að verkið sjálft fékk ekki verðskuldaða athygli. Deilurnar snerust fyrst og fremst um það hvort *Flora Islandica* væri listaverk eða fjöldaframleitt verk og þá hvort *Fallegasta bók í heimi* væri eyðilegging á bókinni eða listaverk í sjálfu sér. Deilurnar báru þess merki að ekki ríkti einhugur um hlutverk og stöðu listarinnar í samfélaginu, og eins voru ekki allir á eitt sáttir um listrænt gildi verksins.

Í öðrum hluta ritgerðarinnar er greint frá því hvernig höfundar *Fallegustu bókar í heimi* beittu ýmsum þeim aðferðum, sem eiga sér m.a. fordæmi hjá framúrstefnulistamönnunum 20. aldar. Fjallað er sérstaklega um áhrif og listhugmyndir nýframúrstefnulistamannanna þeirra Asgers Jorn, Dieters Roth, Josephs Beuys og Daniels Spoerri, sem rekja má allt aftur til hugmynda franska listamannsins Marcel Duchamp.

Í þriðja og síðasta hlutanum er rakið hvernig *Flora Islandica* sameinar tvo meginþætti þjóðarímyndarinnar, náttúruna og bókmeninguna og þá þróun, sem átt hefur sér stað á ímynd Íslands og hlutverki listamanna við þá sköpun. Þá er *Fallegasta bók í heimi* einkum greind út frá þeirri hugmyndafræðilegu gagnrýni, sem býr að baki verkinu.

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	<b>3</b>
<b>1. hluti</b> .....	<b>5</b>
1.1 Viðbrögð við Fallegustu bók í heimi.....	5
<b>2. hluti</b> .....	<b>12</b>
2.1 Listsögulegt samhengi .....	12
2.2 Dada og brautryðjendastarf Marcells Duchamp.....	13
2.3 Arfleifð Duchamps .....	16
2.4 Matur í listsköpun - fagurfræði hverfulleikans.....	18
<b>3. hluti</b> .....	<b>23</b>
3.1 <i>Flora Islandica</i> – Eggert Pétursson.....	23
3.2 Birtingarform þjóðarímyndarinnar í <i>Flora Islandica</i> .....	24
3.3 <i>Fallegasta bók í heimi</i> .....	27
3.4 Greining á <i>Fallegustu bók í heimi</i> .....	29
3.5 Hugmyndafræðileg gagnrýni.....	33
3.6 <i>Fallegasta bók í heimi</i> : Endurtekning eða róttækur listgjörningur?.....	35
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>38</b>
<b>Myndaskrá</b> .....	<b>42</b>

## Inngangur

Á uppgangstíma íslensks efnahagslífs var ráðist í útgáfu *Flora Islandica*, eina dýrustu bók Íslandssögunnar ef marka má orð útgefanda hennar. Bókin kom út í takmörkuðu upplagi í lok árs 2008, skömmu eftir eitt mesta efnahagshrun hér á landi. Sérstaklega var vandað til útgáfu *Flora Islandica*, sem prýdd er teikningum listmálarans Eggerts Péturssonar af íslenskri flóru ásamt skýringartexta Ágústs H. Bjarnasonar. Í bókinni, sem er handinnbundin og árituð af listamanninum, eru teikningarnar prentaðar í upprunalegri stærð. Bókin hlaut nýverið fyrstu verðlaun í alþjóðlegu hönnunarkeppninni, *The Cup Awards*. Af því tilefni barst tilkynning frá útgefanda bókarinnar, sem hljóðaði svo: „Flora Islandica er fegursta bók heims“.<sup>1</sup>

*Fallegasta bók í heimi* er heiti á höfundarverki Ásmundar Ásmundssonar, Hannesar Lárussonar og Tinnu Grétarsdóttur, sem birtist síðastliðið vor á sýningunni *Koddu*. Í því verki hafði einu eintaki bókarinnar *Flora Islandica* verið umbreytt á mjög afgerandi hátt með því að maka blaðsíðurnar matvælum.

Fallegast! Fallegasta land í heimi, fallegasta bók í heimi..., hér má sjá lýsingarorð sem ósjaldan er notað í efsta stigi þegar hugmyndinni um ímynd Íslands er haldið á lofti, sem jafnan tengist stórbrotinni náttúrufegurð og glæstri bókmenntalegri fortíð þjóðarinnar. Á tímum þjóðernisrómantíkur og sjálfstæðisbaráttu átti sér stað ákveðin upphafning á náttúrunni og fornum menningararfi Íslendinga. Voru náttúran og bókmenntaarfleifðin til að mynda stór þáttur í að skapa sérstöðu og einingu meðal þjóðarinnar og réttlæta aðskilnað Íslendinga við Dani. Að sama skapi gegndi listin, sem var hluti þjóðernisvakningar, mikilvægu samfélagslegu hlutverki, þar sem hún var liður í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Íslensk náttúra var megin viðfangsefni fyrstu íslensku málara og hvíldi á þeim sú ábyrgð að leggja grundvöll að hefð, búa til nýja ímynd náttúru og breyta harðbýlu veðrasömu landi í „fagurt og frítt“, svo vitnað sé í rómantísku skáldin.<sup>2</sup> Íslensk náttúra var mærd bæði í ættjarðarljóðum þjóðskáldanna og málverkum. Fyrstu íslensku landslagsmálararnir sóttu óspart í brunn íslenskra þjóðsagna og Íslendingasagna. Er fyrsta landslagsmálverk okkar Íslendinga, leiktjöld Sigurðar

<sup>1</sup> Bókaútgáfan Crymogeia: „Fegurðin býr í bókum“. *Crymogeia.is*, 29. mars 2010. <http://www.crymogeia.is/Frett/11242/>. Sótt 1. október 2011.

<sup>2</sup> Auður Ólafsdóttir: „Hið upphafna norður“. *Mbl.is/gagnasafn*, 13. október 2001. [http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=630979](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=630979). Sótt 5. október 2011.

Guðmundssonar „málara“ (1833-1874) við leikrit Matthíasar Jochumssonar, *Útlagana*, dæmi um slíkt verk.

Þessi nýja náttúruímynd, þar sem náttúran er líkust helgimynd, birtist hvað skýrast í málverkinu *Pingvellir* frá árinu 1900 eftir Þórarín B. Þorláksson (1867-1924). Í þessu verki sést glöggð hvernig bókmenntaarfleifðin, sagan og náttúran kristallast í náttúruskynjun fyrstu íslensku malaranna.<sup>3</sup> Náttúran og hinn forni bókmenntarfur skipa enn mikilvægan sess í sjálfsmynd þjóðarinnar og hafa Íslendingar unnið að því hörðum höndum að styrkja ímynd sína sem náttúru- og bókmenntaþjóð.

Í ritgerð þessari verður fjallað um verkin *Flora Islandica* og *Fallegustu bók í heimi* og mun ég einkum beina sjónum mínum að því hvernig meginstoðir ímyndar Íslands, það er náttúran og bókmenntaarfleifðin, birtast með gjörólíkum hætti í verkunum og hvaða hugmyndir liggja að baki þeim. Á meðan *Flora Islandica* rímar augljóslega við þá ímynd, sem við viljum halda í, afbyggir *Fallegasta bók í heimi* hin ýmsu þrástef ímyndarinnar.

Ritgerðin skiptist í þrjá meginhluta. Í fyrsta hluta er greint frá þeim viðtökum og fremur neikvæðri gagnrýni, sem verkið *Fallegasta bók í heimi* hlaut í íslensku menningarlífi og samfélagi. Á tímum þegar listin virðist löngu hætt að ögra er ljóst að verkið hefur hitt á viðkvæman blett. Í öðrum hluta er greint frá því hvernig höfundar *Fallegustu bókar í heimi* beittu ýmsum þeim aðferðum, sem eiga sér fordæmi hjá framúrstefnulistamönnum 20. aldar. Fjallað verður um áhrif einstakra framúrstefnulistamanna og listhugmynda þeirra, sem rekja má allt aftur til hugmynda franska listamannsins Marcell Duchamp. Í síðasta hluta ritgerðarinnar er birtingarform þjóðarímyndarinnar í *Flora Islandica* tekið til skoðunar og krufið. Í þessum hluta er sjónum einkum beint að því hvernig verkið sameinar tvo meginþætti þjóðarímyndarinnar. Rakin verður stuttlega sú þróun, sem átt hefur sér stað á ímynd Íslands, og hlutverk listamanna í ímyndasköpuninni. Þá er verkið *Fallegasta bók í heimi* tekið til greiningar, einkum út frá hugmyndafræðilegri gagnrýni þess. Leitast verður við að varpa ljósi á samfélagið, sem *Fallegasta bók í heimi* er sprottin úr, og sem kann að skýra forsendurnar að baki gagnrýninni og endurspeglar það viðhorf, að listin sé spegill samtímans.

---

<sup>3</sup> Illugi Jökullsson (aðalhöfundur): „Íslensk myndlist 1900-1930“. *Ísland í aldanna rás, 1900-1950. Saga lands og þjóðar ár frá ári*. Sigríður Harðardóttir (ritstjóri). JPV forlag, 2001 (2. prentun), bls. 119.

## 1. hluti

### 1.1 Viðbrögð við Fallegustu bók í heimi

*Fallegasta bók í heimi* var eitt þeirra verka sem tekið var til sýningar á Nýlistasafninu á sýningunni *Koddu*, sem opnaði samdægurs í Nýlistasafninu og Alliance-húsinu síðastliðið vor. Að sýningunni komu 46 þjóðkunnir listamenn, ljósmyndarar, hönnuðir og auglýsingamenn, sem tókust á við þjóðarímyndina á tímum góðærisins og hrunsins á ögrandi og beinskeyttan hátt.<sup>4</sup>

Titill sýningarinnar *Koddu* er sótt til markaðs- og auglýsingarherferðinnar *Inspired by Iceland*, en hluti þessarar herferðar var tónlistarmyndband við lag Emiliönu Torrini, *Jungle Drum*, sem sýnir fólk í ærslafullum dansi við öll helstu kennileiti landsins.<sup>5</sup> Í katalóg, sem fylgdi sýningunni kemur fram að orðið „koddu“ gefi „til kynna kitlandi hvatningu“, er hafi erótískan undirtón.<sup>6</sup> Í umræddu myndbandi birtist þessi erótíski undirtónn, þegar ung stúlka sést ganga allsnakin út í heita náttúrulega og segir „koddu“ munúðlega við ungan mann. Í katalógnum segir jafnframt:

Meginmarkmið okkar er að fjalla um tengsl hugmyndafræði og virkni myndmáls/tungumáls/tákngervinga, sem eiga sér misdjúpar rætur í þjóðarsálinni á tímum góðærisins og hrunsins. Sýningin leggur áherslu á ný og beinskeytt verk og gefur tilefni til umræðu um þjóðlega fagurfræði – umræðu sem við viljum flétta inn í íslenska menningarpólitík með því að fjalla um hvernig markaðurinn, ríkið og akademían hafa áhrif á framgöngu listanna.<sup>7</sup>

Sýningin er gagnrýnin úttekt á tengslum hugmyndafræði, lista og markaðsvæðingar. Í takmarkalausri markaðsvæðingu ímyndarinnar um Ísland var ofuráhersla lögð á, að listin skyldi endurspegla þjóðlega sérstöðu og fagurfræði í samræmi við hina fyrirframgefnu forskrift.

Í framhaldinu segir svo: „Nálgun okkar felst ekki hvað síst í því að skoða og vinna úr birtingarmyndum ástandsins víðs vegar að úr samfélaginu. Sjónum er beint að

---

<sup>4</sup> Nýlistasafnið: KODDU. *Nylo.is*, 12. apríl 2011.

<http://nylo.is/index.php?option=content&task=view&id=802&Itemid=352>. Sótt 1. október 2011.

<sup>5</sup> Íris Ellenberger: „Markaðsvæðing sjálfsmýndarinnar“. *Kistan.is*, 15. júní 2010.

[http://www.kistan.is/default.asp?sid\\_id=25401&&tId=2&Tre\\_Rod=005%7C&fre\\_id=104170&meira=1&&qsr](http://www.kistan.is/default.asp?sid_id=25401&&tId=2&Tre_Rod=005%7C&fre_id=104170&meira=1&&qsr). Sótt 25. september 2011

<sup>6</sup> Ásmundur Ásmundsson, Hannes Lárusson, Tinna Grétarsdóttir (ritstjórar): „KODDU“ (inngangur). *KODDU* (katalóg). Nýlistasafnið, 2011, bls. 3-4, hér bls. 4.

<sup>7</sup> Sama, bls. 4.

fjölmíðlum, vefsíðum, auglýsingum, hönnun, opinberum skýrslum og listviðburðum“.<sup>8</sup> Með þessu er vakin athygli á stöðu og hlutverki lista á tímum, þegar krafan til listamanna sem beinna þátttakenda í markaðsvæðingunni, er öðru fremur að vera til skemmtunar og skrauts.<sup>9</sup> Listamennirnir fá það hlutverk að vera nokkurs konar erindrekar í styrkingu og eflingu goðsagnarinnar um íslenska þjóð, þar sem mikil áhersla er lögð á að allir stilli saman strengi sína í sköpun jákvæðrar og samstilltrar ímyndar. Ekki er ætlast til að verk þeirra séu gagnrýnin á ímynd Íslands.<sup>10</sup> Gagnrýnin beinist ekki síst að þessari atlögu að listrænu frelsi líkt og Auður Ólafsdóttir bendir á í grein sinni „Ímynd Íslands, sagan, menningararfurinn og hin ýmsu sjálf Íslendingins“. Þar segir að sú skoðun sé almennt ríkjandi meðal listamanna að „listsköpun snúist ekki um að staðfesta goðsagnir heldur þvert á móti að fletta ofan af goðsögnum og klisjum, snúist ekki um að „staðfesta“ heldur að sýna hið viðtekna í nýju ljósi og skilja það nýjum skilningi, jafnvel þótt það geti þýtt endaskipti á ímyndunarafli þjóðar um sjálfa sig“.<sup>11</sup>

Sýningin *Koddu* hefur hrundið af stað áköfum umræðum og er það einkum verkið *Fallegasta bók í heimi*, sem hefur kallað á sterk viðbrögð. Sýningunni var til að mynda úthýst af upphaflegum sýningarstað, Listasafni Árnesinga, vegna umdeilda efnistaka og inntaks.<sup>12</sup> Þá sýndu Listasafn Íslands og Listasafn Reykjavíkur sýningunni lítinn áhuga og erfiðlega gekk að fjármagna hana að sögn Ásmundar sýningarstjóra.<sup>13</sup>

Hið umdeilda verk var unnið af sýningarstjórum sýningarinnar, myndlistarmönnunum Ásmundi Ásmundssyni, Hannesi Lárussyni og Tinnu Grétarsdóttur mannfræðingi. Tilurð verksins var á þá leið, að sýningarstjórnarnir tóku eitt eintak bókarinnar *Flora Islandica*, sem hefur að geyma 271 teikningu Eggerts Péturssonar af flóru Íslands, ötuðu blaðsíður hennar matvælum og stilltu upp á sérsmíðaðan stöpul inni í svartmáluðu innra sýningarými Nýlistasafnsins undir lýsingu,

<sup>8</sup> Ásmundur Ásmundsson, Hannes Lárusson, Tinna Grétarsdóttir (ritstjórar): „KODDU“ (inngangur). *KODDU* (katalóg), bls. 3-4, hér bls. 4.

<sup>9</sup> Bergsteinn Sigurðsson: „Sáralítið breyst eftir hrun“. *Vísir.is*, 16. apríl 2011. <http://vefblod.visir.is/print.php?aid=267720>. Sótt 30. ágúst 2011.

<sup>10</sup> Ásmundur Ásmundsson, Hannes Lárusson, Tinna Grétarsdóttir (ritstjórar): „KODDU“ (III. kafli). *KODDU* (katalóg). bls. 15-17, hér, bls. 15.

<sup>11</sup> Auður A. Ólafsdóttir: „Ímynd Íslands, sagan, menningararfurinn og hin ýmsu sjálf Íslendingins“. *Saga. Tímarit sögufélags*, XLVI:2, 2008, bls. 56-85, hér bls. 59.

<sup>12</sup> Valur Grettisson: „Nýlistasafnið hefur lokað hluta af umdeildu listasýningunni *Koddu*“. *Vísir.is*, 20. apríl 2011. <http://www.visir.is/nylistasafnid-hefur-lokad-hluta-af-umdeildu-listasyningunni-koddu/article/2011110429882>. Sótt 20. september 2011.

<sup>13</sup> Bergsteinn Sigurðsson: „Sáralítið breyst eftir hrun“. *Vísir.is*, 16. apríl 2011. <http://vefblod.visir.is/print.php?aid=267720>. Sótt 30. ágúst 2011.



sem gerð var úr nautspungahúð. Verkinu gáfu þau titilinn *Fallegasta bók í heimi*.<sup>14</sup> Í þessum gjörningi og titli verksins má greina háðska ádeilu á þjóðarímyndina, sem er jafnvel ætlað að snerta viðkvæma strengi í beygðri þjóðarsál.

Viðbrögðin við verkinu *Fallegasta bók í heimi* létu heldur ekki á sér standa. Skömmu eftir opnun sýningarinnar barst krafa frá útgáfustjóra *Flora Islandica* um að umrætt verk yrði fjarlæggt og því eytt, þar sem það bryti á sæmdarrétti höfundarrétthafa bókarinnar. Stjórn Nýlistasafnsins varð við kröfu útgáfustjórans um að fjarlægja *Fallegustu bók í heimi* af sýningunni, í óþökk sýningarstjóranna.<sup>15</sup> Ásmundur Ásmundsson sagði í blaðaviðtali við *DV* að það væri algjörlega til skammar að Nýlistasafnið skyldi bregðast svona við. Það væri búið að eyðileggja sýninguna með því að taka verkið niður.<sup>16</sup> Hannes Lárusson setti *Fallegustu bók í heimi* aftur á sinn stað í óþökk stjórnar Nýlistasafnsins,<sup>17</sup> og sagði, að ef hreyft yrði við verkinu eða það fjarlæggt myndi hann kæra það til lögreglu.<sup>18</sup> Örfáum dögum síðar birtist verkið svo á sýningunni í Alliance-húsinu, þar sem búið var að koma því fyrir í mannheldum klefa og það vaktað.<sup>19</sup> Atburðarásin hafði sannanlega fengið á sig farsakenndan blæ.

Upphlaupið í kringum sýninguna hefur vakið mikla athygli og hafa fjölmiðlar og netheimar keppst um að birta greinar og fjalla um málið í útvarpi og sjónvarpi. Sú ofsafengna umræða, sem oft og tíðum hefur fylgt verkinu, hefur slitið verkið úr því samhengi og þeim hugmyndaheimi, sem verkið tilheyrir. Ragna Sigurðardóttir myndlistargagnrýnandi segir m.a. í umfjöllun sinni um sýninguna *Koddu*, er birtist í *Fréttablaðinu* 2. maí síðastliðinn: „Fallegasta bók í heimi dregur úr slagkrafti sýningarinnar sjálfrar, beinir umræðunni í annan farveg en lagt var upp með.“<sup>20</sup> Það sem er þó sameiginlegt með allflestum þeim ólíku sjónarmiðum, sem hafa komið fram, eru

---

<sup>14</sup> Gunnar Guðbjörnsson: „Vegna umdeildrar sýningar – Fréttatilkynning frá Nýlistasafninu“. *Pressan.is*, 20. apríl 2011. [http://www.pressan.is/Menningarpressan/Lesa\\_Myndlist/vegna-umdeildrar-syningar---frettatilkynning-fra-nylistasafninu](http://www.pressan.is/Menningarpressan/Lesa_Myndlist/vegna-umdeildrar-syningar---frettatilkynning-fra-nylistasafninu). Sótt 20. september 2011.

<sup>15</sup> Sama

<sup>16</sup> Jón Bjarki Magnússon: „Endurspeglar gifurlegan ótta í samfélaginu“. *DV.is*, 21. apríl 2011. <http://www.dv.is/frettir/2011/4/21/endurspeglar-gifurlegan-otta-i-samfelaginu/>. Sótt 3. september 2011.

<sup>17</sup> Gunnar Guðbjörnsson: „Enn af erjum á Nýlistasafninu“. *Pressan.is*, 21. apríl 2011. [http://www.pressan.is/Menningarpressan/Lesa\\_Myndlist/enn-af-erjum-a-nylistasafninu?page=2&offset=0](http://www.pressan.is/Menningarpressan/Lesa_Myndlist/enn-af-erjum-a-nylistasafninu?page=2&offset=0). Sótt 1. október 2011.

<sup>18</sup> Ritstjórn DV: „Svartur dagur í sögu tjáningafrelsis á Íslandi“. *DV.is*, 21. apríl 2011. <http://www.dv.is/frettir/2011/4/21/svartur-dagur-i-sogu-tjainingafrelsis-islandi/>. Sótt 3. september 2011.

<sup>19</sup> Jón Bjarki Magnússon: „Listaverk læst inn í mannheldum klefa“. *DV.is*, 30. apríl 2011. <http://www.dv.is/frettir/2011/4/30/listaverk-laest-inni/>. Sótt 3. september 2011.

<sup>20</sup> Ragna Sigurðardóttir: „Listin og heita vatnið“. *Vísir.is*, 2. maí 2011. <http://www.visir.is/listin-og-heita-vatnid/article/2011704309999>. Sótt 27. september 2011.

spurningar sem vaknað hafa upp um hvort *Flora Islandica* sé listaverk og þá einstakt höfundarverk, sem sé verndað með höfundarlögum, eða fjöldaframleitt verk.

Pjetur Stefánsson, mynd- og tónlistarmaður, segir í heldur harðorðri umfjöllun: „Það er illa vegið að sæmdarrétti góðs málara, sem Eggert Pétursson er. Það er aumkunarvert þegar menn upphefja sitt eigið egó með því að níða niður verk annarra“.<sup>21</sup> Hér sakar Pjetur sýningarstjórana um að hafa brotið á sæmdarrétti Eggerts með verkinu *Fallegasta bók í heimi* með því að breyta því með fyrrgreindum hætti. Þessi viðbrögð Pjeturs endurspeglar það viðhorf að bók Eggerts sé listaverk sem búið sé að eyðileggja. Guðmundur Oddur Magnússon prófessor við Listaháskólann telur það hins vegar sérkennilegt, að hægt sé að líta á fjöldaframleidda grasafraeðibók sem „orginal“ listaverk.<sup>22</sup>

Í blaðaviðtali sem Helgi Snær Sigurðsson, blaðamaður hjá *Morgunblaðinu*, átti við þá Hannes Lárusson, Eggert Pétursson og Gunnar J. Árnason listheimspeking um verkið *Fallegustu bók í heimi*, má greina ólík sjónarmið. Hannes Lárusson, einn höfunda *Fallegustu bókar í heimi* telur ekkert óeðlilegt við það að verk eftir einn listamann sé tekið af öðrum listamanni og því umbreytt í annað verk, sem í þessu tilfalli sé jafnvel betra en frumverkið. Máli sínu til stuðnings bendir Hannes meðal annars á aðra listamenn, sem stundað hafa slíka iðju.<sup>23</sup> Eggert Pétursson bregst aftur á móti ókvæða við og segir að níðingsverk hafi verið unnið á bókinni. Hann segir jafnframt: „Þá er náttúrulega verið að skjóta á mig. Þetta verk er bara kaldhæðni og skítkast“.<sup>24</sup> Augljóslega finnst Eggert lítið gert úr sér sem listamanni og þar með verkinu. Áfram segir Eggert: „Ég hef sýnt þetta verk sem listaverk eftir mig á sýningu þannig að ég hef gefið út það statement að það sé hægt að líta á blómaskreytingar sem listaverk“.<sup>25</sup> Afstaða Gunnars til *Fallegustu bókar í heimi* kemur skýrt fram í sama viðtali þar sem hann segir að þessi afskræming á verkinu sé mjög neikvæð og vafasöm og að „verkið virki þannig á sig að verið sé að nota það sem e.k. táknmynd um spillingu, jafnvel glæpsamlegt athæfi, að það sé dæmigert fyrir þann kúltúr sem var við lýði í aðdraganda hrunsins“.<sup>26</sup> Hannes hefur hins vegar bent á að það sé ekki inntak bókarinnar *Flora*

<sup>21</sup> Pjetur Stefánsson: „Af fagurfræði og listum“. *Mbl.is/gagnsafn*, 2. maí 2011.

[http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1376647;t=1316429490](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1376647;t=1316429490). Sótt 19. september 2011.

<sup>22</sup> Guðni Tómasson (umsjónarmaður): *Víðsjá*, Ríkisútvarpið. 26. apríl, 2011.

<sup>23</sup> Helgi Snær Sigurðsson: „Skemmdarverk eða betra verk?“. *Mbl.is/gagnsafn*, 28. apríl 2011.

[http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1376080;t=1317480224](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1376080;t=1317480224). Sótt 1. október 2011.

<sup>24</sup> Sama

<sup>25</sup> Sama

<sup>26</sup> Sama

*Islandica*, sem skipti máli, heldur umgjörð hennar. „Það hefði verið betra fyrir verkið okkar ef þessar frumstæðu blómamyndir hefðu ekki verið í bókinni“.<sup>27</sup> Af orðum Hannesar að dæma, virðist sem hann sé ekki að beina spjótum sínum að þessu tiltekna verki, þótt skynja megi kaldhæðni í niðrandi ummælum hans um teikningar Eggerts. Þá telur Hannes að BÓKIN hafi ávallt skipað mikilvægan sess í íslenskri menningu hingað til, en nú hafi staða hennar breyst. Um leið og náttúran er komin í forgrunn í ímyndarsköpun þjóðarinnar, þá fellur bókin sjálfkrafa í skuggann og hún er orðin meiri „táknervingur án inntaks“, eins og Hannes kemst að orði.<sup>28</sup> Þetta má vel merkja í auglýsingaherferðum sem hrundið var af stað í kjölfar hrunsins og náði hámarki í áðurnefndu tónlistarmyndbandi *Inspired by Iceland*. Hin óspillta og hreina náttúra er sett í forgrunn, í senn óræð og tælandi, og að fólk sem býr í nálægð slíkrar náttúru, geti ekki verið spillt. Hin óvægna alþjóðlega umræða um spillingu og skort á siðferði hlaut því að vera á misskilningi byggð.

Í viðtalinu hnykkir Gunnar á skoðunum Pjeturs um að *Flora Islandica* sé ekki eins og hver önnur fjöldaframleidd bók heldur áritað verk, gefið út í takmörkuðu upplagi. Sama viðhorfs gætir hjá Kristni E. Hrafnssyni myndlistarmanni, sem segir bókverkið *Flora Islandica* ekki vera frábrugðið öðrum fjölfölduðum listaverkum, og nefnir sem dæmi grafíkverk, sem árituð eru í ákveðnu upplagi. Skrif Kristins eru viðbrögð við grein, sem Hlynur Helgason hafði skrifað örfáum dögum áður. Kristinn gagnrýnir þá skoðun Hlyns, að verkið *Fallegasta bók í heimi* sé í raun nýtt verk, sem hafi verið umbreytt í listaverk, allsendis óháð efniviðnum, sem í því er.<sup>29</sup> Kristinn segir að lokum að það sé óforsvaranlegt hvernig farið hafi verið með bókina *Flora Islandica*, og segir: „ég ætla að ganga svo langt að segja að þeir hafi eyðilagt orginal listaverk með verki sínu“.<sup>30</sup> Af þessum skrifum má sjá að Eggert á sér sjálfskipaða málsvara sem eru afdráttarlausir í gagnrýni sinni á verkið *Fallegasta bók í heimi*.

Í áðurnefndri grein Hlyns Helgasonar er vegið að þeirri ákvörðun stjórnar Nýlistasafnsins að fjarlægja verkið *Fallegasta bók í heimi* af sýningunni. Um sé að ræða alvarlega aðför að höfundarrétti þeirra sem gerðu verkið. Ein af jákvæðari og athyglisverðari umfjöllunum um sýninguna *Koddu* og verkið *Fallegasta bók í heimi* er

---

Helgi Snær Sigurðsson: „Skemmdarverk eða betra verk?“. *Mbl.is/gagnasafn*, 28. apríl 2011.

[http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1376080;t=1317480224](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1376080;t=1317480224). Sótt 1. október 2011.<sup>27</sup>

<sup>28</sup> Sama

<sup>29</sup> Kristinn E. Hrafnsson: „Tortímandinn“. *Smugan.is*, 23. apríl 2011.

<http://smugan.is/2011/04/Tortímandinn>. Sótt 31. ágúst 2011.

<sup>30</sup> Sama

sennilega sú, sem Haukur Már Helgason skrifar þann 22. apríl síðastliðinn, og er það ekki síst fyrir þær sakir, að hugmyndafræðilegri gagnrýni verksins eru gerð ítarleg skil. Haukur segir sýninguna og þá listamenn, sem þar taka þátt, beina spjótum sínum að ríkjandi hugmyndafræði og birtingarmyndum hennar, það er þeirri upphöfnu ímynd, sem dregin sé upp af landi og þjóð, sem hvorki sé trúverðug né áreiðanleg. Áfram segir Haukur að menn hafi „horft fram hjá öllu samhengi verksins, táknumgjörð sem blasir við hverjum sem vill sjá“.<sup>31</sup> Viðbrögðin, sem verkið hefur hlotið, sýnir að það hefur hitt á veikan blett og á virkilega brýnt erindi. Allt það argaþras, sem hefur snúist um lagabókstafinn, er hér algjört aukatriði að mati Hauks.

Deilurnar um verkið *Fallegustu bók í heimi* tóku á sig margbrotna mynd og ekki voru allir á eitt sáttir um listrænt gildi verksins, sem velti upp þeirri grundvallarspurningu hvað teldist list. Átökin snerust fyrst og fremst um það, hvort *Flora Islandica* væri listaverk eða fjöldaframleitt verk, og þá hvort *Fallegasta bók í heimi* væri eyðilegging á bókinni eða listaverk í sjálfu sér. Það voru mun fleiri, sem skipuðu sér í þann hóp að telja bókina listaverk og héldu fast í hefðbundnar listhugmyndir, meðan hinir framsæknari vildu láta reyna á þanþol listhugtaksins, þ.e.a.s. að listin væri ekki lengur bundin við fagra listmuni, heldur gæti nánast hvað sem er talist list. Þá stóð styr um listrænt tjáningarfrelsi listamannsins og hvaða augum væri litið á höfundarrétt verka og hvort og þá með hvaða hætti sá réttur hefti það frelsi. Hefur listamaðurinn frelsi til að gera hvað sem er? Umræðan snerist um ólíka afstöðu manna til hlutverks listarinnar í samfélaginu, er tengdist meðal annars upphafningu á þjóðarímyndinni andstætt gagnrýni á hina sömu ímynd. Málsvarar höfunda *Fallegustu bókar í heimi* lögðu til að mynda áherslu á það, að eyðilegging á einu bókareintaki *Flora Islandica*, beindist ekki gegn Eggerti sjálfum „heldur gegn vissri hugsun í þjóðfélaginu, og til þess að benda á að sú hugsun væri ennþá við lýði í þjóðfélaginu eftir hrun“.<sup>32</sup> Undir þetta hafa höfundarnir sjálfir tekið og sagt uppgjör á hinni yfirlætislegu sjálfsm mynd þjóðarinnar óumflýjanlegt. Óhætt er að segja að öll þessi umræða hafi skerpt á andstæðum viðhorfum manna til lista og hlutverks þeirra í samtímanum.

Hér á eftir verður greint frá því hvernig höfundar *Fallegustu bókar í heimi* beittu ýmsum aðferðum, sem eiga sér fordæmi í framúrstefnulist 20. aldar. Til að varpa ljósi á

---

<sup>31</sup> Haukur Már Helgason: „Bíddu aðeins, Flora koddu“. *Perspiredbyiceland.com*, 22. apríl 2011. <http://haukur.perspiredbyiceland.com/2011/flora-koddu>. Sótt 24. september 2011.

<sup>32</sup> Hlynur Helgason: „Umbrot og myndskreyti“. *Fugl.is*, 21. apríl 2011. [http://fugl.is/hlynur\\_helgason/2011/04/umbrot-og-myndskreyti.html](http://fugl.is/hlynur_helgason/2011/04/umbrot-og-myndskreyti.html). Sótt 28. september 2011.

Þetta samhengi er gagnlegt að horfa til þeirrar hefðar framúrstefnulistamanna að taka einstök höfundarverk og nota í eigin verk svo og að vinna með lífrænan efnivið í gerð verka.

## 2. hluti

### 2.1 Listsögulegt samhengi

Það er í sjálfu sér engin nýlunda að listamenn nýti sér fundna hluti („ready-made“) eða sköpun annarra listamanna sem undirstöðu í eigin verk og vinni með ýmis konar lífræn efni eða matvæli í verkum sínum líkt og höfundarnir gera í verki sínu, *Fallegasta bók í heimi*. Franski listamaðurinn Marcel Duchamp (1887-1968), sem löngum hefur verið talinn til áhrifamestu listamanna 20. aldarinnar, er upphafsmaður svonefndra „ready-made“ verka. Hann var fyrstur til að nota hugtakið „ready-made“ yfir hversdagslega fundna hluti sem hann stillti upp og útnefndi sem listaverk.<sup>33</sup> Duchamp, sem hvorki fetaði troðnar slóðir í list sinni né kenndi sig við eina ákveðna stefnu, var mikils metins meðal dadaistanna, en nýstárlegar listhugmyndir hans og dadaistanna áttu eftir að endurspeglast í alþjóðlegum nýframúrstefnuhreyfingum á borð við ný-dada, flúxus, popplist og konseptlist.<sup>34</sup> Nær allir fylgismenn þessara hreyfinga sem og nokkrir listamenn annarra hreyfinga, tileinkuðu sér ofangreindar aðferðir og störfuðu í sama anda og Duchamp. Má þar nefna danska CoBrA listamanninn Asger Jorn (1914-1973), sem tók „original“ listaverk sér til handargagns, málaði yfir þau og sýndi sem eigin verk, svo sem síðar verður vikið að. Jorn var einn af forsprökkum hinnar alþjóðlegu CoBrA hreyfingar, sem stofnuð var árið 1948 af hópi hollenskra, belgískra og danskra abstrakt-expressjónískra listamanna. Hreyfingin dregur nafn sitt af upphafsstöfum þeirra borga sem listamennirnir bjuggu í, Kaupmannahöfn (Copenhagen), Brussel og Amsterdam. Listsköpun hreyfingarinnar fólst í megindráttum í sjálfsprottinni óheftri tjáningu þar sem sótt var aftur til upprunans í list frumstæðra þjóða, alþýðulist, listsköpun barna og geðveikra, en þar töldu þeir að finna mætti frumsköpunarkraftinn.<sup>35</sup>

Hér á landi voru það aðallega flúxus, ný-dada, og popplist<sup>36</sup> sem hlutu hljómgrunn meðal framsækinnna listamanna, einkum fyrir tilstuðlan Errós (f.1932) og þýsk-svissneska listamannsins Dieters Roth (1930-1998). Áhrif flúxus-hreyfingarinnar höfðu afgerandi áhrif á allflesta listamenn SÚM- hópsins, en Roth starfaði um tíma með

<sup>33</sup> Ragna Sigurðardóttir: „Gosbrunnurinn“. *Lesbók Morgunblaðsins*, 29. mars 2008.

<sup>34</sup> Gunnar B. Kvaran: „Aðfaraorð“. *Súm 1965-1972*. Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir, 1989, bls. 3.

<sup>35</sup> Amy Dempsey: *Styles, schools and movements*. Thames & Hudson, 2002, bls. 195-196.

<sup>36</sup> Ekki er hægt að tala um eiginlega popplist hér á landi, þar sem neyslumeningin hafði ekki skotið jafn föstum rótum hér og víðast hvar á Vesturlöndum. Íslenskir listamenn tileinkuðu sér þó engu að síður ýmsar aðferðir popplistamanna. (Laufey Helgadóttir: „Markalínur máðar“. *Íslensk listasaga. Frá síðari hluta 19. aldar til upphafs 21. aldar. IV. bindi –Popplist, raunsæi og hugmyndalist*. Ólafur Kvaran (ritstjóri) Forlagið og Listasafn Íslands, 2011, bls. 8-9, hér bls. 8.)

SÚM-listamönnum,<sup>37</sup> sem telja má einn anga flúxus hreyfingarinnar.<sup>38</sup> Hjá flúxus skipti hinn efnislegi þáttur æ minna máli, áherslan var lögð á hið forgengilega, þar sem efniviðurinn var oftast en ekki lífræn efni og matvara, sem ekki hefði þótt boðlegur á árum áður. Í verkinu *Fallegasta bók í heimi* má greina ákveðna samsvörun við fagurfræði flúxuslistamanna eins og þýska listamannsins Joseph Beuys (1921-1986), rúmensk-svissneska listamannsins Daniels Spoerri (f. 1930) og Dieters Roth. Áhrif Spoerri, Roths og Beuys má vel merkja í notkun lífrænna efna í gerð verka. Einnig eiga höfundar *Fallegustu bókar í heimi* ef til vill það sammerkt með hugmyndum Beuys, að listin sé tæki til gagnrýni á ríkjandi þjóðfélagsaðstæður og geti á þann hátt leitt til úrbóta. Síðast en ekki síst virðist uppátækið eiga sér fordæmi í hugmyndum Duchamps, þar sem kjarninn í listsköpun hans fólst í vali og notkun á fundnum hlutum, fjöldaframleiddum eða myndum, sem breytt er eftir geðþótta listamannsins og endurnýtt í ný verk.

## 2.2 Dada og brautryðjendastarf Marcells Duchamp

Dada var ein þeirra fjölmörgu róttæku framúrstefnuhreyfinga sem komu fram á fyrstu áratugum 20. aldar í Evrópu.<sup>39</sup> Dada var nokkurs konar uppreisnar- og stjórnleysingjahreyfing sem samanstóð af hópi friðar- og byltingarsinna, sem voru á flóttu undan fyrri heimsstyrjöldinni og söfnuðust saman í borginni Zürich í Sviss.<sup>40</sup> Dada var í raun árás á öll grundvallargildi vestrænnar menningar, en áherslan á uppreisn og niðurbrot stafaði ekki síst af andstöðu við þá menningu, sem leiddi af sér hildarleik heimsstyrjaldarinnar. Dadaistarnir fylltust viðbjóð á tilgangslausu og hryllilegu blóðbaði samtíðar sinnar og lýstu því yfir að allt samband listar og þjóðfélags væri rofið og tími listarinnar þar með liðinn.<sup>41</sup> Þeir sögðu hefðbundinni listsköpun, framsetningaraðferðum og sömuleiðis hefðbundnum hugmyndum um hvað væri list, stríð á hendur og gerðu skop að öllu því sem helgast þótti í arfleifð þessarar yfirlætisfullu menningar.<sup>42</sup> Þess í

<sup>37</sup> Laufey Helgadóttir: „Greinileg kaflaskil“. *Íslensk listasaga*, IV. bindi, bls. 53-85, hér bls. 77.

<sup>38</sup> Ólafur Gíslason: „Súm 1965-1972. Eftirmáli“. *Súm 1965-1972*. Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir, 1989, bls. 7-43, hér bls. 14.

<sup>39</sup> Í umfjöllun Peter Bürgers ganga framúrstefnuhreyfingar fyrirstríðsáranna undir heitinu „söguleg framúrstefna“ en framúrstefnur eftirstríðsáranna undir heitinu „nýframúrstefna“.

<sup>40</sup> Benedikt Hjartarson: „Inngangur“. *Yfirlýsingar. Evrópska framúrstefnan*. Vilhjálmur Árnason (ritstjóri). Hið íslenska bókmenntafélag, 2001, bls. 9-59, hér bls. 9-10.

<sup>41</sup> Ólafur Gíslason: „Súm 1965-1972. Eftirmáli“. *Súm 1965-1972*, bls. 7-43, hér bls. 10.

<sup>42</sup> Björn Th. Björnsson: *Aldateikn*. Mál og menning, 1973, bls. 219-222.

stað höfðu þeir í hávegum hið ólistræna, hversdagslega og tilviljunarkennda.<sup>43</sup> Listin var líkt og hinn nýi veruleiki – fáránleg, óskiljanleg og jafnvel fjarstæðukennd.

Í hinni listrænu og menningarlegu umbyltingu var brýnt að listin yrði að þjóðfélagslegu virku afli, en aðeins á þann hátt gat hún orðið kyndilberi og framvörður þjóðfélagslegra breytinga.<sup>44</sup> Í þessu fólst verkefni framúrstefnunnar að mati þýska fræðimannsins Peters Bürger, en „[m]eginmarkmið framúrstefnunnar var að hans mati að rjúfa einangrun listarinnar sem afmarkaðs athafnarsviðs innan borgaralegs nútímaþjóðfélags og gera hana á ný að virku afli í lífsháttum þegnanna“.<sup>45</sup> Krafan um frelsi listarinnar varð sífellt háværari, en að margra mati hafði listin verið lokuð allt of lengi inni sem „aumur þræll yfirstéttanna“.<sup>46</sup>

Það má með sanni segja að Marcel Duchamp hafi vegið með eftirminnilegum hætti að sjálfstæði og sérstöðu listarinnar sem tjáningarsviðs, þegar hann annars vegar sendi inn þvagskál áletraða listamannsnafninu R. Mutt<sup>47</sup> sem listaverk á opinbera listasýningu í New York árið 1917 og hins vegar málaði yfirvaraskegg og hökutopp á eftirprentun af *Monu Lisu* árið 1919.<sup>48</sup> Nokkrum árum síðar gerði hann grallaralega útfærslu á þessu verki með því að taka aðra eftirprentun af *Monu Lisu* og eiga ekkert við hana, nema að skrifa „Rökuð“ neðst á myndina og merkja sér hana síðan.<sup>49</sup> Í þessu athæfi Duchamps felst viðleitnin til að jarðbinda listina, eyða hinum upphafna helgileika eða „áru“ listaverksins<sup>50</sup> og andmæla hugmyndinni um sköpunargáfu eða snilligáfu listamannsins, og upphefja tilviljunina sem skapandi afl.<sup>51</sup> Um þetta hefur Peter Bürger fjallað í bókarkafnanum „Sjálfstæði listarinnar og vandi þess innan

<sup>43</sup> Illugi Jökulsson (aðalhöfundur): *Ísland í aldanna rás, 1951-1975. Saga lands og þjóðar ár frá ári*. Sigríður Harðardóttir (ritstjóri). JPV forlag, 2001 (2. prentun), bls. 138-139, hér bls. 138.

<sup>44</sup> Gunnar J. Árnason: „Hlynur Hallsson og þáttökulist“. *Skírnir. Tímarit hins íslenska bókmenntafélags*. Halldór Guðmundsson (ritstjóri). Hið íslenska bókmenntafélag, haust 2007, bls. 513-529, hér bls. 522.

<sup>45</sup> Benedikt Hjartarson: „Verkefni framúrstefnunnar“. *Ritið: 1/2006*. Gunnþórunn Guðmundsdóttir og Ólafur Rastrick (ritstjórar). Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, 2006, bls. 225-226, hér bls. 225.

<sup>46</sup> Ólafur Gíslason: „Súm 1965-1972. Eftirmáli“. *Súm 1965-1972*, bls. 7-43, hér bls. 28.

<sup>47</sup> „R“ stóð fyrir Richard, slanguryrði yfir ríkur maður. „Mutt“ vísar bæði til Mott, sem var framleiðslufyrirtæki þvagskálarinnar og Mutt, sem var vinsæl teiknimyndafígúra á þeim tíma. (Hal Foster, Rosalind Krauss, Yve-Alain Bois og Benjamin H. D. Buchloh: *Art since 1900. Modernism, Antimodernism, Postmodernism*. Thames & Hudson, 2004, bls. 129.)

<sup>48</sup> Duchamp áritaði hana á nýjan leik og bætti við undirskriftinni L.H.O.O.Q.

<sup>49</sup> Sigríður Ingvarsdóttir: „Hver verður í Feneyjum til 18. júlí? Marcel Duchamp“. *Mbl.is/gagnasafn*, 26. júní 1993. [http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=107770](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=107770). Sótt 11. október 2011.

<sup>50</sup> Ástráður Eysteinnsson: „Er Kafka framúrstefnumaður? Um móðernisma og framúrstefnu“. *Ritið: 1/2006*, bls. 23-49, hér bls. 45.

<sup>51</sup> Aðalsteinn Ingólfsson: „Bók um bók frá bók ... Bókverk Dieters Rot á Íslandi, 1957-1961“. *Skírnir. Tímarit hins íslenska bókmenntafélags*. Vilhjálmur Árnason (ritstjóri). Hið íslenska bókmenntafélag, vor 1998, bls. 51-80, hér bls. 79.



borgarlegs samfélags“, sem kveður *Gosbrunn* Duchamps tákni um að hæðst sé að öllum hugmyndum um sköpunargáfu listamannsins. Duchamp leit svo á að það væri handahófskennt val listamannsins, sem skapar (lista)verkið. Bürger segir jafnframt:

Ögrun Duchamps afhjúpar ekki aðeins að listamarkaðurinn er vafasöm stofnun, þar sem áletrunin er meira virði en gæði verksins sem hún stendur undir, hún vefengir jafnframt á róttækan hátt sjálft lögmál listarinnar í borgaralegu samfélagi: að einstaklingurinn sé skapari listaverksins.<sup>52</sup>

Tilgangurinn var þó ekki eingöngu að ögra eða valda hneykslun, heldur vildi hann sýna fram á að hvað sem er geti verið list og það sé samhengið, hugsunin og sjónarhornið sem skipti meginmáli.<sup>53</sup> Svo fór þó að umræddum *Gosbrunni* var hafnað af dómnefndinni, sem Duchamp sat sjálfur í, á þeim forsendum að hann væri ósiðlegur, ólistrænn og laus við allan frumleika. Í kjölfarið sagði Duchamp sig úr nefndinni og hóf sitt sögufræga stríð á hendur því fagurfræðilega gildismati sem hafði verið grundvöllur vestrænnar listhefðar.<sup>54</sup> Þessi atburður vakti að vonum umtalsverða athygli og fréttir af hneykslanlega „listaverkinu“, sem enginn hafði séð, var lýst sem „ákveðinni tegund baðherbergisbúnaðar“.<sup>55</sup> Það var svo ekki fyrr en um mánuði síðar að ljósmynd af *Gosbrunninum* birtist á forsíðu listtímaritsins *Blindi maðurinn*, en upprunalega verkið er löngu glatað. Nokkrum áratugum síðar var verkið endurgert í nokkrum eintökum með samþykki Duchamps<sup>56</sup> og komst þá „á afturvirknan hátt inn í orðræðu nútímalistarinnar sem grundvallarverk“, <sup>57</sup> eins og bandaríski listfræðiprófessorinn Hal Foster kemst að orði í grein sinni „Hver er hræddur við nýframúrstefnuna?“. Ástráður Eysteinnsson bókmenntafræðingur hefur hins vegar bent á það að „saga þessarar hlandskálar hefur raunar sannað orð Bürgers um vægi liststofnunarinnar, því skálin þessi hefur fengið sína endurlausn og er orðin „dýrgripur“ með mikið fagurfræðilegt og sögulegt listgildi“.<sup>58</sup>

Þegar á öðrum áratug aldarinnar hafði Duchamp horfið frá málalalistinni og kosið þess í stað að nota fjöldaframleiddan iðnvarning, sem hann nefndi „ready-made“,

---

<sup>52</sup> Peter Bürger: „Sjálfstæði listarinnar og vandi þess innan borgarlegs samfélags“. *Ritið: 1/2006*, bls. 227-250, hér bls. 247-248.

<sup>53</sup> Ástráður Eysteinnsson: „Er Kafka framúrsteffnumaður? Um móðernisma og framúrsteffnu“. *Ritið: 1/2006*, bls. 23-49, hér bls. 46.

<sup>54</sup> Björn Th. Björnsson: *Aldateikn*. Mál og menning, 1973, bls. 220.

<sup>55</sup> Ragna Sigurðardóttir: „Gosbrunnurinn“. *Lesbók Morgunblaðsins*, 29. mars 2008.

<sup>56</sup> Sama

<sup>57</sup> Hal Foster: „Hver er hræddur við nýframúrsteffnuna?“. *Ritið: 1/2006*, bls. 251-282, hér bls. 270.

<sup>58</sup> Ástráður Eysteinnsson: „Er Kafka framúrsteffnumaður? Um móðernisma og framúrsteffnu“. *Ritið: 1/2006*, bls. 23-49, hér bls. 46-47.

sem tjáningarmiðil.<sup>59</sup> Með „ready-made“ verkum sínum vildi Duchamp leggja áherslu á að listin væri ekki fólgin í sjálfum listhlutum, í handbragði listamannsins eða fagurfræðilegri áferð hans, heldur í gjörningnum sjálfum – listin væri hugmyndaleg.<sup>60</sup>

### 2.3 Arfleifð Duchamps

Með uppátækjum sínum braut Duchamp blað í sögu listarinnar. Listin í hefðbundnum skilningi var að ganga sitt sögulega skeið á enda, þar sem flestum fyrri gildum var varpað fyrir róða.<sup>61</sup> Að mati Duchamps gekk listin ekki lengur út á það að búa til fagra listmuni, málverk eða höggmyndir heldur að velja fjöldaframleidda hversdagsmuni og frelsa þá úr prísund vanans. Með þessu vildi Duchamp sýna fram á að fegurð og smekkur væru afstæð hugtök og fegurðin gæti allt eins búið í hinu hversdagslega. Það var þó ekki fyrr en undir lok sjötta áratugar síðustu aldar, sem hinar byltingarkenndu listhugmyndir Duchamps höfðu veruleg áhrif og urðu listamönnum almenn hvatning til nýrrar og gagnrýnnar úrvinnslu.<sup>62</sup>

Popplistin, ný-dada<sup>63</sup> og flúxus, sem komu sem andsvar við efnis- og neysluhyggju eftirstríðsáranna, tóku beinlínis upp þráðinn frá dadaismanum.<sup>64</sup> Í raun og veru er ekki hægt að tala um popp sem ákveðna hreyfingu heldur fremur sem ákveðið hugarfar, þar sem heitið var notað yfir ólíkar listgreinar, eins og myndlist, tónlist og hönnun. Popplistamennirnir sóttu efnivið í neyslusamfélagið, auglýsingar og kvikmyndir, en með því að nota afurðir neyslumeningarinnar og allskyns fundna hluti, sem þeim áskotnaðist í verk sín, deildu þeir á neysluæði allsnægtarþjóðfélagsins.<sup>65</sup> Meðal þekktustu fulltrúa popplistarinnar eru bandarísku listamennirnir Andy Warhol (1931-1987), sem er hvað þekktastur fyrir ópersónuleg fjölföldunarverk sín, og Roy Lichtenstein (f.1932), sem endurgerði verk þekktra nútímalistamanna með svokallaðri

---

<sup>59</sup> Halldór Björn Runólfsson: „Erlend tengsl: Holland og Bandaríkin“. *Íslensk listasaga*, IV. bindi, bls. 168-170, hér bls. 168.

<sup>60</sup> Ólafur Gíslason: „Súm 1965-1972. Eftirmáli“. *Súm 1965-1972*, bls. 7-43, hér bls. 10.

<sup>61</sup> Sama, bls. 10.

<sup>62</sup> Halldór Björn Runólfsson: „Erlend tengsl: Holland og Bandaríkin“. *Íslensk listasaga*, IV bindi, bls. 168-170, hér bls. 168.

<sup>63</sup> Ný-dada, oft notað sem regnhlífaheiti yfir „andformrænar“ hreyfingar eins og ný-raunsæisma, lettirisma, alþjóðlegu situasjónistahreyfinguna og „beat-listina“. (Amy Dempsey: *Styles, Schools and Movements*, bls. 195-196.)

<sup>64</sup> Ólafur Gíslason: „Súm 1965-1972. Eftirmáli“. *Súm 1965-1972*, bls. 7-30, hér bls. 10-14.

<sup>65</sup> Laufey Helgadóttir: „Erró“. *Íslensk listasaga*, IV. bindi, bls. 10-31, hér bls. 21-22.

myndasögutækni, er hann hafði tileinkað sér. Oft er erfitt að greina á milli popplistar og ný-dada, enda listamennirnir oft og tíðum orðaðir við báðar hreyfingarnar.<sup>66</sup>

Listhugmyndir Duchamps mynda kjarnann í ný-dada og flúxus, sem voru hugmyndalega séð náskyldar. Listköpun ný-dadaistanna og flúxus einkenndist líkt og fyrirrennaranna, af tilraunamennsku og andfagurfræði þar sem gildi tilraunaferlisins var meira virði en hin fullunni „listhlutur“.<sup>67</sup> Hin margbrotna flúxus-hreyfing var í raun og veru ekki ákveðin stefna heldur stöðugt flæði eða hreyfing, sem teygði anga sína inn í allar listgreinar.<sup>68</sup> Flúxus var stofnað til höfuðs borgaralegri fagurmennsku eða „list í gylltum ramma“ og var markmiðið að útrýma henni.<sup>69</sup> Flúxus var list tíðarandans, hrá og uppreisnarkennd og efniviðurinn tímanna tákn, hversdagsleg, viðkvæm efni, jafnvel matvara. Enginn efniviður var öðrum æðri, þar sem notast var jafnt við texta, myndir, tónlist og jafnvel sláturkeppi.<sup>70</sup> Flúxus var í eðli sínu andkapítalísk hreyfing, byggð á þeirri hugmynd að listin ætti ekki að vera stofnun eða söluvara, heldur forgengileg eins og annað í hinum hverfula heimi. Listamenn áttu að forðast spillandi markaðstengsl, aðeins á þann hátt gætu þeir varðveitt listrænt frelsi sitt, sem væri forsenda listræns tjáningarfrelsis.<sup>71</sup>

Þýski fjöllistamaðurinn Joseph Beuys er að mati Bürgers eini ósvikni framúrstefnulistamaðurinn eftir stríð,<sup>72</sup> en Beuys tók um tíma virkan þátt í hinni alþjóðlegu starfsemi flúxus-hópsins. Beuys var mjög róttækur aðgerðarsinni og fóru hugmyndir hans og flúxus-manna ekki alltaf saman um það, hvernig nota mætti listina til að hreyfa við almenningi. Beuys gagnrýndi flúxus á þeirri forsendu að list þeirra leiddi ekki til annars en endurtekinna hneykslisuppátækja í anda Duchamps. Beuys er þekktastur fyrir umhverfislist og uppákomur eða gjörninga, sem oft voru af sjálfsævisögulegum toga. Í þeim steypiti hann saman ýmsum listgreinum og var oftast ekki sjálfur miðpunktur verksins, þar sem hann kynnti skoðanir sínar og rökræddi við þjóðfélagsþegnana. Þetta nýja tjáningarform átti eftir að hafa afgerandi áhrif næstu áratugina. Beuys hafði mikil áhrif með hugmyndum sínum um „social sculpture“, en í

<sup>66</sup> Halldór Björn Runólfsson: „Erlendar samtímastefnur“. *Súm 1965-1972*, bls. 117-127, hér bls. 120-121.

<sup>67</sup> Amy Dempsey: *Styles, Schools and Movements*, bls. 201-202.

<sup>68</sup> Laufey Helgadóttir: „Áhrifavaldar“. *Íslensk listasaga*, IV bindi, bls. 32-52, hér bls. 38.

<sup>69</sup> Halldór Björn Runólfsson: „Erlendar samtímastefnur“. *Súm 1965-1972*, bls. 117-127, hér bls. 124.

<sup>70</sup> Ragna Sigurðardóttir: „Verksummerki liðins tíma“. *Lesbók Morgunblaðsins*, 7. febrúar 2004.

[http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=779569](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=779569). Sótt 20. október 2011.

<sup>71</sup> Halldór Björn Runólfsson: „Jón Gunnar Áranson“. *Íslensk listasaga*, IV bindi, bls. 211-219, hér bls. 212.

<sup>72</sup> Tania Ørum: „Nýframúrstefna sem endurtekning – eða sviptingar framúrstefnunnar eftir síðari heimsstyrjöld“. *Ritið: 1/2006*, bls. 141-157, hér bls. 155.

þeirri hugmynd felst að allir geti verið listamenn með því að hafa sköpunargáfuna að leiðarljósi og hvaða skapandi starf sem er geti verið list. Hann taldi að listin væri betur til þess fallin að breyta vestrænu samfélagi til hins betra en stjórnmal og heimspeki.<sup>73</sup> Cecilia Novero<sup>74</sup> hefur bent á í bók sinni *Antidiets of the Avant-Garde: From Futurist Cooking to Eat Art*, að útópískar hugmyndir Beuys séu á sömu nótum og hugmyndir Friedrich Schillers (1759-1805), sem hann setti fram í ritinu *Um fagurfræðilegt uppeldi mannsins*.<sup>75</sup> Hugmyndir hans fólu í sér að listin hefði fræðandi, frelsandi og siðbætandi áhrif sem leiða myndi til bætts samfélags og þjóðfélagslegra úrbóta. Beuys notaðist að mestu við óhefðbundin efni í skúlptúrum sínum, eins og flókaefni, fitu og hunang, en hann er langt í frá fyrsti eða eini listamaðurinn sem notast við lífræn efni í verkum sínum. Það sem gerir hann sérstæðan er að maturinn í verkum hans hefur dýpri merkingu, hann á að hafa endurnærandi og þar með lækandi mátt, geta grætt sár siðmenningarinnar, sem leiði til nýs og réttlátara samfélags. Að mati Beuys eru lífræn efni, eins og fita og hunang, best fallin til þess að nota í skúlptúrana vegna eðliseiginleika þeirra og sveigjanleika til að umbreytast úr hörðu efni yfir í fljótandi, úr formleysi í form og svo öfugt, sem endurspegli vel samfélagslegar athafnir manna. Líkt og kenning Beuys um „social sculpture“ segir til um, þá lítur hann á matreiðslu eins og allar aðrar hversdagslegar og skapandi athafnir mannsins sem list.<sup>76</sup> Segja má að Beuys gangi býsna langt í að gera að veruleika áform framúrstefnu fyrirstríðsáranna um að leiða listina á ný inn í lífshættina, en listin var nú orðin að lífsmáta. Endanlega var búið að draga hana niður af stalli hámenningarinnar og færa inn í hversdagstilveruna og hófu listamenn í æ ríkari mæli að leita nýrra tjáningarleiða með því að einbeita sér að breyttum efniviði, tíma og sjálfu sköpunarferlinu.<sup>77</sup>

#### 2.4 Matur í listsköpun - fagurfræði hverfuleikans

Með tilkomu flúxus áttu lífræn efni í auknum mæli upp á pallborðið hjá listamönnum sem efniviður í listaverkum, sem undirstrikaði enn frekar samtönnun listar og lífs og þeirrar hugmynda að listaverkið væri ekki endilega varanlegt og óumbreytanlegt heldur

<sup>73</sup> Halldór Björn Runólfsson: „Erlendar samtímastefnur“. *Sím 1965-1972*, bls. 117-127, hér bls. 124.

<sup>74</sup> Cecilia Novero byggir hér á umfjöllun Bonito Oliva.

<sup>75</sup> Sjá: Friedrich Schiller. *Um fagurfræðilegt uppeldi mannsins* í þýðingu Arthúrs Björgvins Bollasonar og Þrastar Ásmundssonar. Hið Íslenska bókmenntafélag, 2006.

<sup>76</sup> Cecilia Novero: *Antidiets of the Avant-Garde: From Futurist Cooking to Eat Art*. University of Minnesota, Minneapolis, London, 2010, bls. 213-216.

<sup>77</sup> Laufey Helgadóttir: „Markalínur máðar“. *Íslensk listasaga*, IV. bindi, bls. 8-9, hér bls. 8.

forgengilegt líkt og lífið sjálf.<sup>78</sup> Það var þó ekki fyrr en um 1960 sem listamenn fóru að nýta sjálfan matinn sem efnivið eins og þeir félagar Joseph Beuys, Daniel Spoerri og Dieter Roth gerðu svo og margir fleiri.<sup>79</sup>

Líkt og popplístaðmennirnir nýtti rúmensk-svissneski flúxuslistamaðurinn Daniel Spoerri sér leifar neyslubjóðfélagsins í verkum sínum og vísar þannig til verksummerkja neyslunnar.<sup>80</sup> Með svonefndum „snöru- eða gildruverkum“ leitaðist Spoerri við að fanga augnablikið og óreiðu hversdagsins, með því að líma disk, hnífapör, glös og leifar hversdagslegra máltíða á tréplanka, sem hann síðan hengdi upp á vegg rétt eins og hvert annað listaverk. Sjálfur veruleikinn er orðinn að listaverki. Í þessum verkum má finna lofgjörð augnabliksins og hversdagsins, og með því að notast við mat leggur Spoerri áherslu á hverfuleikann þar sem ekkert varir að eilífu, hvorki lífið né listaverkið.<sup>81</sup> Sjá má ákveðin líkindi með snöruverkum Spoerri og kyrralífsmyndum (vanitas) fyrri alda, sem ætlað var að vera áminning um hverfuleikann og forgengileikann.<sup>82</sup> Í umfjöllun sinni um gildruverk Spoerri í áður nefndri bók, bendir Novero á, að áherslan á hið stundlega minni um margt á hugmyndir Charles Baudelaire<sup>83</sup> um hlutverk nútímamálarans, sem málara líðandi stundar.<sup>84</sup> Grunnþátturinn í þessum verkum er að mati Spoerri sú spenna eða togstreita, sem skapast á milli kyrrstöðu og hreyfingar, en búið er að festa hreyfinguna í þessum niðurlímdu hlutum. Um leið og listamaðurinn sleppir hendinni af verkinu, hefur það sitt umbreytingarskeið, það er umbreytingin sem skapar verkið. Spoerri vekur áhorfandann til umhugsunar um eigin þátt í sköpun verkanna, þá má jafnframt greina tilvistarlegar vangaveltur um hringrás lífs og dauða, næringar og rotnunar.<sup>85</sup>

Með komu þýsk-svissneska listamannsins Dieters Roth (1930-1998) hingað til lands árið 1957 tók íslenskt listalíf stakkaskiptum. Roth flutti með sér nýja alþjóðlega strauma, sem áttu eftir að setja mark sitt á myndlistina næstu áratugina. Roth var afar fjölbæfur listamaður og hafði lítinn áhuga á að finna sér afmarkaðan listrænan tjáningarmáta. Hann vann í ýmsum greinum, svo sem textagerð, myndskreytingum, grafík, skúlptúrum gerðum úr fjölbreyttum efnivið, kvikmyndun, tónlist og hönnun svo

<sup>78</sup> Laufey Helgadóttir: „Áhrifavalda“. *Íslensk listasaga*, IV. bindi, bls.32-52, hér bls.39.

<sup>79</sup> Laufey Helgadóttir: „Greinileg kaflaskil“. *Íslensk listasaga*, IV. bindi, bls. 53- 85, hér bls. 77.

<sup>80</sup> Cecilia Novero: *Antidiets of the Avant-Garde: From Futurist Cooking to Eat Art*, bls. 216.

<sup>81</sup> Sama, bls. 145.

<sup>82</sup> Dagný Heiðdal: „Gagnrýni á neyslubjóðfélagið“. *Íslensk listasaga*, IV. bindi, bls. 94-101, hér bls. 99.

<sup>83</sup> Charles Baudelaire (1821-1867) var franskur ljóðskáld og merkur bókmennta- og myndlistagagnrýnandi.

<sup>84</sup> Cecilia Novero: *Antidiets of the Avant-Garde: From Futurist Cooking to Eat Art*, bls. 165.

<sup>85</sup> Sama, bls. 151-152.

fátt eitt sé nefnt.<sup>86</sup> Þegar líða tók á sjöunda áratuginn hóf Roth að samþætta listsköpun sína sjálfu lífinu og fór í auknum mæli að nota alls kyns lífræn efni. Hér má greina áhrif flúxus sem lagði áherslu á hið forgengilega, hversdagslega, óreiðukennda og hið tilviljunarkennda. Þetta má til að mynda merkja vel í bókverkum Roths, sem taka á sig lauskenndara form. Svonefnd „bókabjúgu“ Roths eru afar persónuleg og neikvæð útlekking hans á þýskum bókmenntaarfi og heimspekikeningum, þar sem verk eftir þekktu höfunda voru soðin uns þau breyttust í pappírsmassa. Þessum massa var síðan blandað við lím, krydd og feiti og hann gerður að algengum hversdagsmat eins og bjúga. Umfangsmesta verkið af þessu tagi var helgað þýska heimspekingnum Hegel, aðal kenningarsmið þýsku hughyggjunnar. Í hakkavélina fóru eitt af lykilverkum heimspekihefðarinnar, 20 bindi af heildarútgáfu Hegels um fagurfræði, en úr urðu 20 heimspekibjúgu sem Roth lét hengja á rekka.<sup>87</sup> Hér var alger ummyndun bókarinnar orðin að staðreynd.

Efnisnotkun Roths var afar fjölbreytt, nýstárleg og tilraunakennd er leiddi til endurvinnslu með ýmis konar ólitrænan og forgengilegan efnivið. Ekkert efni var svo lítilfjörlegt að Roth gæti ekki notast við það.<sup>88</sup> Sem dæmi má nefna myndir málaðar með eggjahræru, bræddum osti eða súkkulaði, grafíkverk gerð úr samþjöppuðum banönum, höfuðmyndir úr súkkulaði og myndröð úr pressuðum unnum kjötvörum og kryddi. Fleiri verk má nefna, sem ganga enn frekar út á lyktarskynið, til að mynda kjötsneiðar lagðar inn í ljóðabækur, súrmjólk hellt í glerkassa eða yfir hin ýmsu verk.<sup>89</sup> Það er þó ekki hinn óhefðbundni efniviður og úrvinnsla Roths sem skiptir hér meginmáli, líkt og Aðalsteinn Ingólfsson bendir á í grein sinni „ORÐ, MYND: UARÐ, MUND: VOARÐ, MOAND. Mál í myndum Dieters Roth“, en þar segir: „Með þessum verkum hleypir Dieter af stokkunum mjög svo „aktúel“ umræðu um brýnan tilvistarlegan vanda, samspil „verðandi“ og „hverfandi“ þátta tilverunnar, upplausnar og hrörnnunar, upphafningar og angistar“,<sup>90</sup> sem gefur tilfinningu fyrir eigin vanmætti og dauðleika, ekki ósvipað og greina má í gildruverkum Spoerris. Sköpunarferlið sjálft

<sup>86</sup> Laufey Helgadóttir: „Áhrifavaldar“. *Íslensk listasaga*, IV. bindi, bls. 32-52, hér bls. 36.

<sup>87</sup> Aðalsteinn Ingólfsson: „ORÐ, MYND: UARÐ, MUND: VOARÐ, MOAND. Mál í myndum Dieters Roth“. *Ritið: 1/2005*. Gunnþórunn Guðmundsdóttir og Svanhildur Óskarsdóttir (ritstjórar). Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, 2005, bls. 21-31, hér bls. 25-27.

<sup>88</sup> Sama, bls. 26.

<sup>89</sup> Niels Hafstein: „Vænting, viðbragð og hreyfing“. *Dieter Roth (sýningarskrá)*, Nýlistasafnið, 1994, bls. 25-29, hér bls. 29.

<sup>90</sup> Aðalsteinn Ingólfsson: „ORÐ, MYND: UARÐ, MUND: VOARÐ, MOAND. Mál í myndum Dieters Roth“. *Ritið: 1/2005*, 21-31, hér bls. 26.

verður mjög sýnilegt í verkum Roths og er það virkni efnisins sem skiptir mestu máli: gerjunin, rotnunin, sem smám saman leiðir til upplausnar og algerrar eyðileggingar seinna meir. Umbreytingin í öllum sínum myndum kallaði fram sérstæða feegurð að mati Roths.<sup>91</sup>

Segja má að Roth og Spoerri sjái báðir feegurð í hinni óendanlegu óreiðu lífsins, feegurð sem ekki er unnt að skapa, „heldur sé hún eitthvað sem gerist – þótt ekki sé nema í nokkrar undursamlegar sekúndur [...] löngu eftir að listamaðurinn hefur horfið frá verkinu“.<sup>92</sup>

Að framansögðu er ljóst að listin er orðin lifandi þáttur í lífinu, og hluti af því eins og hver önnur athöfn, þar sem hin fagurfræðilega upplifun byggir á þátttöku áhorfandans,<sup>93</sup> þar sem öll skilningarvitin eru virkjuð. „Mein Auge ist ein Mund“ (Auga mitt er munnur) skrifaði Roth oftast en einu sinni, en hann sagðist sjá með munninum. Listsköpunin í skilningi Roths er eins og lífið sjálft, opin í báða enda, einstaklingurinn verður allt eins fyrir hughrifum í gegnum „hinn galopna munn“,<sup>94</sup> hann neytir upplifunarinnar, líkt og fæðunnar með munninum, meltir og skilar af sér sem úrgangi, eða eftir atvikum sem „listaverkum“,<sup>95</sup> sbr. hið alræmda verk ítalska ný-dadaistans Piero Manzoni (1933-1963) *Listamannssaur* (1961).<sup>96</sup> Ekki ósvipaðs viðhorfs gætti hjá dadaistunum, en í textum þeirra er meltingarmyndhverfingin endurtekið stef, þar sem listsköpuninni er líkt við starfsemi meltingarvegarins,<sup>97</sup> sem er ætlað að melta og hreinsa sig af hinni smáborgarlegu, hræsnisfullu og siðspilltu menningu samtímans, rétt eins og líkaminn losar sig við líkamsúrgang.<sup>98</sup> Í textum dadaistanna má m.a. lesa

---

<sup>91</sup> Niels Hafstein: „Vænting, viðbragð og hreyfing“. *Dieter Roth* (sýningarskrá), bls. 25-29, hér bls. 29.

<sup>92</sup> Þessi tilvitnun kemur úr forvitnilegri blaðgrein sem birtist þ. 7. maí 2005 í *Morgunblaðinu* og ber yfirskriftina „Rótað í tungumálinu“. (Höfundur ónafngreindur).

<sup>93</sup> Ólafur Gíslason: „Súm 1965-1972, eftirmáli“. *Súm 1965-1972*, bls. 7-43, hér bls. 14.

<sup>94</sup> Hinn galopni munnur, át og úrgangur kemur mikið við sögu í verkum franska rithöfundarins François Rabelais (um 1495-1553). Að mati rússneska bókmenntafræðingsins Mikhail Bakhtíns má rekja gróteskuna í verkum Rabelais til karnivalsins, sem voru alþýðuhátíðir sem gengu mikið út á mat, drykkju og át. „Í orðlist skáldsögunnar“ er að finna eftirfarandi lýsingu: „fundi mannsins við heiminn, fer fram í gegnum opinn tyggjandi, tætandi og sjúgandi munn hans...“. (Mikhail M. Bakhtín: „Ímyndir veislunnar hjá Rabelais“. Jón Ólafsson (þýðandi) *Orðlist skáldsögunnar*. Benedikt Hjartarson (ritstjóri) Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2005, bls. 91-117, hér bls. 94.)

<sup>95</sup> Aðalsteinn Ingólfsson: „Bók um bók frá bók ... Bókverk Dieters Rot á Íslandi, 1957-1961“. *Skírnir*, vor 1998, bls. 56-57.

<sup>96</sup> Manzoni sauð niður eigin saur í dósir og merkti á fjórum tungumálum með upplýsingum um þyngd og dagsetningu „framleiðslunnar“. (Halldór Björn Runólfsson: „Erlendar samtímastefnur“. *Súm 1965-1972*, bls. 117-127, hér bls. 120.)

<sup>97</sup> Cecilia Novero: *Antidiets of the Avant-Garde: From Futurist Cooking to Eat Art*, bls. 84.

<sup>98</sup> Sama, bls. 76.

eftirfarandi lýsingu: Augað er í maganum, naflinn er augað, lithimnan er full af úrgangi og líkaminn sjálfur er eitt stórt líffæri, sem framleiðir stöðugt úrgang.<sup>99</sup> Úrvinnsla með þessa grótesku þætti, s.s. át og úrgang má glögg sjá í verkum dadaistanna og Roths.

Áhrifa dada og Duchamps gætir vissulega enn í dag en með tilkomu hreyfingarinnar varð almenn breyting á viðhorfi almennings og ekki síður listamanna til listarinnar og fyrir hvað hún eigi að standa, er markaði þá þróun að leggja minni áherslu á höfundarrétt listaverksins.<sup>100</sup> *Gosbrunnur* Duchamps hafði til að mynda endaskipti á viðhorfi manna til lista og er hann orðinn að lífseigu tákni, sem stöðugt endurtekur sig í verkum samtímalistamanna, eins og Ragna Sigurðardóttir bendir á í grein sinni um *Gosbrunninn*.<sup>101</sup>

Á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar hófu listamenn að notfæra sér bókina sem sjálfstæðan listmiðil.<sup>102</sup> Bókin sem sjálfstætt listform þótti búa yfir ýmsum kostum og möguleikum, hana má fjölfalda að vild með tiltölulega litlum tilkostnaði, hún er meðfærileg og býður upp á annars konar og nánara samband áhorfenda og verks.<sup>103</sup> Roth, sem var brautryðjandi á sviði bóklistar hér á landi, umbylti viðteknum hugmyndum um bókina og seinni tíma listamenn, á borð við höfunda *Fallegustu bókar í heimi*, hafa haldið áfram tilraunum sínum með notkun og útfærslu hversdagslegra listmiðla, eins og bókina, og reynt á hugmyndafræðileg mörk listarinnar. Bókin hefur einnig átt hug Eggerts allan, en á ferli sínum hefur hann m.a. unnið bókverk með pressuðum blómum áður en hann sneri sér að málverkinu. Það sem gerir verkið *Fallegustu bók í heimi* sérstætt, er að unnið er með afar dýrt og vandað bókareintak, sem margir hverjir líta á sem listgrip. Um þessi verk verður fjallað í næsta hluta.

---

<sup>99</sup> Cecilia Novero: *Antidiets of the Avant-Garde: From Futurist Cooking to Eat Art*, bls. 84.

<sup>100</sup> Í þeirri heimsrofasteimningu sem var ríkjandi í þjóðfélagsræringum sjöunda áratug síðustu aldar voru spár, sem boðuðu endalok alls þess sem var „stöðugt og hefðbundið“ og fæðingu nýs upphafs, ekki óalgengar. Frönsku fræðimennirnir Michel Foucault (1926-1984) og Roland Barthes (1915-1980) lýstu til að mynda yfir „dauða höfundarins“ og spáðu „fyrir um fæðingu lesandans og afnám höfundarréttar, einstaklingsbundinnar tjáningar og einstakra listaverka“. (Tania Ørum: „Nýframúr stefnan sem endurtekning – eða sviptingar framúr stefnunnar eftir síðari heimsstyrjöld“. *Ritið*: 1/2006, bls. 141-157, hér bls. 151.)

<sup>101</sup> Ragna Sigurðardóttir: „Verksummerki liðins tíma“. *Lesbók Morgunblaðsins*, 7. febrúar 2004. [http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=779569](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=779569). Sótt 20. október 2011.

<sup>102</sup> Gunnar Harðarson: „Trönurnar fljúga“. *Smásmíðar. Tilraunir um bóklist og myndmenntir*. Bjartur, 1998, bls. 11-39, hér bls. 15.

<sup>103</sup> Sama, bls. 17-18.



### 3. hluti

#### 3.1 *Flora Islandica* – Eggert Pétursson

Eins og áður hefur komið fram inniheldur bókin *Flora Islandica* 271 vatnslitarteikningu listmálarans Eggerts Péturssonar (f. 1956) af íslenskri flóru. Teikningarnar vann hann á árunum 1982-1983 fyrir handbókina *Íslensk flóra*, þá nýkominn úr framhaldsnámi í Hollandi. Eggert vann teikningarnar í raunstærð, en í handbókinni, sem var ætluð sem fræðirit fyrir almenning, birtust teikningarnar mikið smækkaðar og voru í raun og veru myndskreyting við texta Ágústs H. Bjarnasonar. Það var svo í lok árs 2008 að bókaútgáfan Crymogea gaf út bókina *Flora Islandica*, „eina dýrustu bók Íslandssögunnar ef frá eru talin hin fornu kálfskinshandrit“.<sup>104</sup> *Flora Islandica* var aðeins gefin út í 500 tölusettum eintökum, árituðum af listamanninum. Í þessari veglegu handinnbundnu bók, sem prentuð er á gæðapapappír og kemur í sérsmíðaðri línklæddri viðaröskju, gegna hins vegar teikningar Eggerts meginhlutverki þar sem þær birtast í fyrsta sinn í upprunalegri stærð.<sup>105</sup> Það gefur því augaleið að þessi dýra og stóra bók, sem vegur 10 kíló, er ekki ætluð áhugasömum náttúruunnendum sem flettirit til notkunar úti í náttúrunni.

Látlausar og fínlegar teikningar Eggerts af íslenskri flóru í handbókinni vöktu strax verðskuldaða athygli, en að sögn Eggerts hefur hann ætíð hrifist af jarðargróðri og blómum. Allt frá barnæsku safnaði hann plöntum, pressaði þær og teiknaði og hefur þessi þekking nýst vel síðar í verkum hans.<sup>106</sup> Eggert skapaði sér fljótt ákveðna sérstöðu meðal samtímalistamanna, en viðfangsefni hans, smágerðar íslenskar jurtir og litskrúðug blóm, voru á skjön við það sem aðrir listamenn voru að fást við. Mikil nákvæmnisvinna og rík efniskennd einkenna verk hans, þannig að blóma- og jurtabreiðurnar virðast allt að því ápreifanlegar.<sup>107</sup> Blómamálverk Eggerts byggja á bernskuminningum og nákvæmum athugunum á íslenskum plöntum, þar sem saman koma fantasía og raunsæi, óhlutbundin og hlutbundin túlkun. Þetta sést glöggt í niðurskipan plantanna á myndflötinn, þar sem breytilegt útlit plantanna, hvort sem um er að ræða á mismunandi stöðum, tíma sólarhringsins eða ársins, getur birst samtímis í sömu myndinni. Þó svo að Eggert notist ekki við hefðbundna fjarvídarteikningu búa

<sup>104</sup> Þessi tilvitnun birtist á *vís.is* þann 30. júlí 2008, skömmu fyrir útgáfu *Flora Islandica*.

<sup>105</sup> Bókaútgáfan Crymogea: „Fegurðin býr í bókum“. *Crymogea.is*, 29. mars 2010.

<http://www.crymogea.is/Frett/11242/>. Sótt 1. október 2011.

<sup>106</sup> Ólöf K. Sigurðardóttir (ritstjóri): „Á rólegri ferð“. *Eggert Pétursson*. (Sýningarskrá) Listasafn Reykjavíkur, 2007, bls. 7-9, hér bls. 7.

<sup>107</sup> Sama, bls. 8.

verk hans yfir furðulegri dýpt, þar sem heilu blómabreiðurnar fylla myndflötinn eins og endalaus rósamynstruð ábreiða.<sup>108</sup> Líkt og Kjarval, sem horfði á náttúruna í nærmynd, beinir Eggert sjónum okkar niður í svörðinn að jarðargróðrinum og til nafnlausra staða sem við höfum öll augum litið en gefið lítinn gaum,<sup>109</sup> en verk Eggerts eru án titils.

Líkt og Spoerri og Roth leitast Eggert við að fanga óreiðuna og hið stundlega og hverfula, þó með ólíkum hætti sé. Á meðan Spoerri og Roth vinna með lífræn efni þar sem virkni efnisins og umbreytingin skiptir mestu máli, gefur Eggert hinu stundlega varanleika með því að festa hverfuleikann á strigann.

Þegar Eggert stundaði nám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands (1976 – 1979) voru flúxus og konsept allsráðandi og hafa listhugmyndir þessara hreyfinga án efa mótað hann sem listamann. Þá hafa kynni Eggerts af Dieter Roth ýtt undir áhuga hans á bókinni sem listformi, en Eggert hefur unnið fjölda bókverka á ferli sínum. Í hugmyndum Eggerts um rýmið má greina tengsl við bókverkið, þar sem grundvallarhugmyndin er samspil verka í rýminu.<sup>110</sup> Eggert hefur sjálfur lýst rýmishugsun sinni á þessa leið: „sýningarsalurinn hefur ákveðna miðju, uppi og niðri, en bókin hefur miðju, upphaf og endi“.<sup>111</sup> Að mati Eggerts felst upplifun skoðandans af verkunum ekki síst í nánu sambandi hans og verksins. Eggert líkir upplifuninni við lestur bóka, þar sem maður er alltaf einn með bókinni og því sé mikilvægt að vera einn með myndunum.<sup>112</sup>

### 3.2 Birtingarform þjóðarímyndarinnar í *Flora Islandica*

Bókin og náttúran, sem eiga sér djúpar rætur í íslenskri þjóðarvitund og menningararfi, eru iðulega þeir þættir, sem settir eru í samhengi við ímynd Íslands. Báðir þessir þættir hafa gegnt veigamiklu hlutverki í að skapa sérstöðu og einingu meðal þjóðarinnar, einkum í sjálfstæðisbaráttu hennar, þegar ákveðin upphafning á þjóðarímyndinni átti sér stað. Íslandslýsingar á borð við þessa voru þá ekki óalgengar: „Í ægiföggu landi frosts og funa búa náttúrubörn sem eru hvort tveggja í senn, frumstæð og menningarleg“.<sup>113</sup> Síðan þá hefur margt breyst og sú ímynd sem Íslendingar skópu í upphafi 20. aldar

<sup>108</sup> Ingólfur Arnarsson: „Viðtal Ingólfs Arnarssonar við Eggert Pétursson“. *Eggert Pétursson*. (Sýningarskrá), bls. 25-32, hér bls. 30-31.

<sup>109</sup> Ólöf K. Sigurðardóttir (ritstjóri): „Á rólegri ferð“. *Eggert Pétursson*. (Sýningarskrá), bls. 7-9, hér bls. 7.

<sup>110</sup> Sama, bls. 7-8.

<sup>111</sup> Ingólfur Arnarsson: „Viðtal Ingólfs Arnarssonar við Eggert Pétursson“. *Eggert Pétursson*. (Sýningarskrá), bls. 25-32, hér bls. 31.

<sup>112</sup> Þorsteinn J. Vilhjálmsson: *Káta maskínan*, Ríkissjónvarpið, 4. desember, 2008.

<sup>113</sup> Sumarliði Ísleifsson: *Ísland framandi land*. Mál og menning, 1996, bls. 213.

hefur tekið allnokkrum breytingum. Engu að síður er þetta sú ímynd sem haldið hefur verið á lofti allt fram á okkar dag.<sup>114</sup>

Það má með sanni segja að bókin *Flora Islandica* komi til móts eða styðji við „réttu framsetningu“<sup>115</sup> á ímynd lands og þjóðar, ímynd sem að mati höfunda *Fallegustu bókar í heimi* byggir á goðsögnum og blekkingum. Aðdáun Eggerts á blómstrandi náttúrunni leynir sér ekki í vandvirknislegum teikningunum í *Flora Islandica*. Í þessum teikningum birtast okkur íslenskar plöntur, oft vanmetnar og lítt eftirtektarverðar.<sup>116</sup> Eggert hefur lýst því yfir að notkun hans á íslensku flórunni hafi sérstaka merkingu fyrir hann, sem tengi hann sterkum böndum við ættjörðina og líkir því við tungumálið, sem íslenskum skáldum er tamt að skrifa eða yrkja á.<sup>117</sup> Anna Jóhannsdóttir hefur bent á það í umfjöllun sinni um málverk Eggerts að þau dragi fram eitthvað sem kallast getur „séríslenskt“. Hún segir jafnframt: „Hið íslenska táknkerfi eða tungumál verkanna höfðar einnig til íslenskrar sjálfsmyndar. Ætla mætti að með [þessum verkum] máli Eggert Pétursson sig inn í íslenska þjóðarvitund að ýmsu leyti líkt og Kjarval gerði á sínum tíma“.<sup>118</sup>

Það eru þó ekki eingöngu teikningar Eggerts í *Flora Islandica* sem fengið hafa lofsamlega dóma, heldur var bókin valin sú best hannaða í alþjóðlegri hönnunarkeppni bókaútgefanda. Eins og áður segir hefur bókmeningin skipað mikilvægan sess í menningararfi þjóðarinnar. Miklum sögum fór af þeirri sagna- og bókmenntahefð, sem blómstraði hafði í landinu frá örófi alda og átti ekki að eiga sinn líka í öllum hinum germanska heimi, ef marka má frásagnir frá 19. öld.<sup>119</sup> Íslenskir sagnaritarar voru sagðir hafa bjargað germönskum og norrænum menningararfi frá glötun. Íslendingar voru þannig á vissan hátt varðveislumenn menningarinnar.<sup>120</sup> Gömlu skinnhandritin og Íslendingasögurnar voru taldar sönnun þess að þrátt fyrir frumstæð skilyrði hefði þjóðin

<sup>114</sup> Sumarliði Ísleifsson: *Ísland framandi land*. Mál og menning, 1996, bls. 213.

<sup>115</sup> Í ímyndarskýrslu forsætisráðuneytisins, sem kom út vorið 2008, má lesa eftirfarandi: „Rétt framsetning á einkennum þjóðar er afar mikilvæg og þarf að fela í sér að þau séu jákvæð, aðlaðandi, einstök...“ (Svafa Grönfeldt (formaður nefndar) o.fl.: *Ímynd Íslands. Styrkur, staða og stefna. Skýrsla nefndar*. Forsætisráðuneytið, 2008, bls. 12.)

<sup>116</sup> Hafþór Yngvason: „Formáli og þakkir“. *Eggert Pétursson*. (Sýningarskrá), bls. 5.

<sup>117</sup> Ingólfur Arnarsson: „Viðtal Ingólfs Arnarssonar við Eggert Pétursson“. *Eggert Pétursson*. (Sýningarskrá), bls. 25-32, hér bls. 27.

<sup>118</sup> Anna Jóhannsdóttir: „Meistaratök“. *Lesbók Morgunblaðsins*, 22. september 2007.

[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=285120&pageId=4150278&lang=is&q=22](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=285120&pageId=4150278&lang=is&q=22). Sótt 22. nóvember 2011.

<sup>119</sup> Sumarliði R. Ísleifsson: „Villimenn Norðursins verða Hellenar Norðursins“. *Ímyndir og ímyndafræði*. Clarence E. Glad (ritstjóri). ReykjavíkurAkademían, 2011, bls. 110-122, hér bls. 118.

<sup>120</sup> Sumarliði Ísleifsson: *Ísland framandi land*. Mál og menning, 1996, bls. 211-212.

alið af sér framúrskarandi skáld sem skapað hefðu merkilegar bókmenntir.<sup>121</sup> Íslendingar hafa iðulega gengist upp í þessu hlutverki og haldið sjálfir á lofti ímyndinni um þjóð með ríkan menningararf.

Með þessari upphafningu *Flora Islandica*, bæði á vegum bókaútgefanda og á alþjóðavettvangi, öðlaðist hún ákveðinn helgileika eða „áru“ eins og Kristinn E. Hrafnsson bendir réttilega á í greininni „Tortímandinn“.<sup>122</sup> Á sýningu í Þjóðmenningarhúsinu var *Flora Islandica* til að mynda stillt upp á sérsmíðuðu eikarpúlti og var þannig á vissan hátt sett á viðhafnarstall, eins og um eitt merkasta rit íslenskrar bókmenntaarfleifðar væri að ræða.

Hannes Lárusson, einn af höfundum *Fallegustu bókar í heimi*, hefur hins vegar bent á þá áherslubreytingu, sem orðið hefur í ímyndaruppbyggingu þjóðarinnar, þar sem áherslan á síðustu árum og áratugum, hefur færst frá sagnaarfinum yfir á náttúru landsins. Að mati Hannesar hefur orðið og ekki síst bókin sem helgigripur misst töframáttinn. Hið sjónræna, landið og náttúran eru komin í forgrunn í ímynd Íslands.<sup>123</sup>

Í fjórða kafla katalógsins, sem fylgdi sýningunni *Koddu*, er sagt frá því hvernig hreinleiki íslenskrar náttúru og náttúrulegir kraftar hafi verið sameinandi fyrir þjóðarímyndina og drottnað yfir allri umræðu og kynningu á íslenskri list þar sem þjóðerni, náttúra og list renna jafnan saman. Þar segir einnig:

Náttúran er ekki aðeins talin hafa mótað Íslendinga kynslóð fram af kynslóð – heldur er hún sögð vera uppspretta sköpunar, frelsis, hreinleika, og framtakssemi í íslensku samfélagi og menningarlífi.[...] Náttúran er tengd við frumkraft og orku sem á sér hliðstæðu í mannlegum eiginleikum þjóðarinnar eins og heiðarleika, sakleysi og því villta.[...] Þessir eiginleikar eru kjarninn í lýsingu Christians Schön á íslenskri list. Schön [...], heldur fram: „Íslensk list hefur haldið að hluta í hreinleika sköpunarinnar sem flest önnur samfélög glötuðu fyrir mörgum öldum. Það gerir íslenska list svo sérstaka.“<sup>124</sup>

<sup>121</sup> Sumarliði Ísleifsson: *Ísland framandi land*. Mál og menning, 1996, bls. 195.

<sup>122</sup> Kristinn E. Hrafnsson: „Tortímandinn“. Smugan.is, 23. apríl 2011.

<http://smugan.is/2011/04/Tortímandinn>. Sótt 31. ágúst 2011.

<sup>123</sup> Helgi Snær Sigurðsson: „Skemmdarverk eða betra verk?“ Mbl.is/gagnasafn, 28. apríl 2011.

[http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1376080;t=13174800224](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1376080;t=13174800224). Sótt 1. október 2011.

Hér vitnað til orða Hannesar Lárussonar í blaðaviðtali sem tekið var af Helga Snæ Sigurðssyni.

<sup>124</sup> Ásmundur Ásmundsson, Hannes Lárusson, Tinna Grétarsdóttir (ritstjórar): „KODDU“ (IV. kafli).

*KODDU* (katalóg), bls. 18-23, hér bls. 19. Christian Schön er fyrrum forstöðumaður Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar.

Íslensk þjóðareinkenni tengjast þannig hinu hreina og óspillta sem jafnan er talin táknmynd lands og náttúru. Samkvæmt því er hreinleiki og kraftur náttúrunnar einn mikilvægasti þátturinn í ímynd lands og þjóðar.

Teikningar Eggerts falla vel að framanreindri lýsingu, en í túlkun hans birtist náttúran okkur hrein, saklaus og fögur. Það er þessi næmleiki fyrir hinu smágerða, hversdagslega og viðkvæma, sem Eggert tekst að fanga á sannfærandi hátt og segir Hjálmar Sveinsson, heimspekingur, í umfjöllun um listamanninn: „Sennilega hefur enginn íslenskur málari náð að túlka jafnvel það smágerða foldarskart sem náttúrufræðingurinn Jónas Hallgrímsson orti um“.<sup>125</sup> Jurtirnar eru ekki aðeins tákn fyrir það sem íslenskt er, heldur eru þær tákn fyrir lífið sjálft og sköpunina, líf sem kviknar á ný eftir harðan og langan vetur og kveikir von um betri tíð með blóm í haga.

Í bókinni *Flora Islandica* eru náttúran og bókin hafin á stall og lofsungin. Bókin er í raun og veru táknmynd fyrir þá goðsagnakenndu ímynd, sem dregin hefur verið upp af landi og þjóð. *Flora Islandica* þjónar ekki eingöngu því hlutverki að vera táknmynd bókmenntaarfsins heldur einnig kynning á íslenskrí náttúru, sem jafnframt er hyllt og hælt á hvert reipi. *Flora Islandica* sameinar því með afgerandi hætti þessa tvo meginþætti þjóðarímyndarinnar, sérkenni okkar og það sem við höfum talið sameiningartákn lands og þjóðar.

### 3.3 Fallegasta bók í heimi

*Fallegasta bók í heimi* beinir spjótum sínum að hinni sjálfumglöðu þjóðarímynd, sem segja má að náð hafi hápunkti sínum í góðærinu. Sú ímynd birtist með mjög skýrum hætti, annars vegar í skýrslu forsætisráðuneytisins, *Ímynd Íslands. Styrkur, staða og stefna*, sem kom út í mars 2008, og hins vegar í markaðsherferðinni *Inspired by Iceland*, sem hrundið var af stað í byrjun sumars 2010. Ímyndarskýrslan svonefnda hafði það hlutverk að koma með tillögur um það hvernig styrkja mætti ímynd Íslands með samtilltum aðgerðum hins opinbera og hagsmunaaðila helstu útflutningsgreina. Í skýrslunni er lögð rík áhersla á mikilvægi jákvæðs alþjóðlegs orðspors fyrir afkomu og efnahag þjóðarinnar, og byggðu niðurstöður nefndarinnar á slagorðunum *kraftur, frelsi og friður*, sem endurspeglu áttu kjarna íslensks þjóðareðlis<sup>126</sup> og sýna jafnframt fram á það hversu sérstök og einstök við erum. *Krafturinn* vísar til þess einstaka

<sup>125</sup> Hjálmar Sveinsson: „Eggert Pétursson“. *Lífæðar*, 1999. Hannes Sigurðsson (ritsjóri og sýningarstjóri), bls. 20.

<sup>126</sup> Ásmundur Ásmundsson, Hannes Lárusson, Tinna Grétarsdóttir (ritsjórar): „KODDU“ (II. kafli). *KODDU* (katalóg), bls. 10-14, hér bls. 10.

„sköpunarkrafts“ sem býr með þjóðinni og á uppruna sinn í náttúru landsins, *frelsi* til frelsisþrár þjóðarinnar, en „upphaf Íslandsbyggðar er rakið til frelsisleitar“ og *friður* til friðelskandi þjóðar, sem lifir í sátt og samlyndi við náttúruna og aðrar þjóðir.<sup>127</sup> Þetta var einnig sú mynd, sem dregin var upp af landi og þjóð í tónlistarmyndbandinu *Inspired by Iceland*, sem var hluti sameiginlegs átaksverkefnis ríkis, ferðaþjónustu og útflutningsaðila. Markaðssóknin gekk meðal annars út á að bjóða umheiminum í heimsókn til Íslands<sup>128</sup> og leggja þannig efnahagslegri uppbyggingu lið og jafnframt að lappa upp á laskaða ímynd landsins, sem hafði beðið hnekki í kjölfar efnahagshrunsins.

Höfundar *Fallegustu bókar í heimi* hafa meðal annars látið valdsvið ímyndarstofnunarinnar *Promote Iceland*<sup>129</sup> til sín taka og telja, að þar sé fram komið ósýnilegt stjórnvaldstæki í samfélagi nýfrjálshyggju og markaðsvæðingar, sem agi og kenni almenningi jafnt sem listamönnum að haga sér í samræmi við hina „samstilltu ímynd“.<sup>130</sup> Þá hafa höfundarnir vakið athygli á því hversu ginnkeyptir Íslendingar virðist vera fyrir þeirri yfirlætislegu ímynd, sem dregin er upp af landi og þjóð.<sup>131</sup> Í ímyndarskýrslunni er látið í veðri vaka að þjóðin sé framúrskarandi á flestum sviðum og því blákalt haldið fram, að með henni hafi varðveist „náttúrulegur kraftur“,<sup>132</sup> sem greini hana frá öllum öðrum þjóðum líkt og hún standi skör ofar. Þessi ógnarkraftur hafi lagt grunninn að kröftugu viðskiptalífi, blómlegu menningarlífi og framsæknu samfélagi,<sup>133</sup> sem skilað hafi Íslandi í hóp hinna „sterku“ og „hugvitsömu“ og gert þjóðinni kleift „að lifa af í harðbýlu landi, öðlast sjálfstæði, komast á topp lífskjaralista Sameinuðu

<sup>127</sup> Svafa Grönfeldt (formaður nefndar) o.fl.: *Ímynd Íslands. Styrkur, staða og stefna. Skýrsla nefndar*, bls. 25.

<sup>128</sup> Sama, bls. 12.

<sup>129</sup> Í ímyndarskýrslunni er lagt til að komið verði á fót ímyndarstofnuninni *Promote Iceland*, sem hefði því hlutverki að gegna að móta og styrkja ímynd Íslands byggt á samhæfðum aðgerðum. Stofnunin átti m.a. að fylgjast með ímynd Íslands, samræma aðgerðir og bregðast við neikvæðri umfjöllun sem snertu ímyndarmál Íslands. (Svafa Grönfeldt (formaður nefndar) o.fl.: *Ímynd Íslands. Styrkur, staða og stefna. Skýrsla nefndar*, bls. 7.)

<sup>130</sup> Ásmundur Ásmundsson, Hannes Lárusson, Tinna Grétarsdóttir (ritsjórar): „KODDU“ (I. kafli). *KODDU* (katalóg), bls. 5-9, hér bls. 7.

<sup>131</sup> Sama, bls. 12.

<sup>132</sup> Sláandi líkindi eru með hugmyndum þýska prófessorsins Felix Niedner (1859-1934), sem var einn ritstjóra og þýðenda hinnar viðamiklu Thule ritraðar (1911-1930), og höfundum ímyndarskýrslunnar að til væri sérstakt norrænt eðli. Niedner skrifaði inngangsrít um *Menningu Íslands á víkingaöld* árið 1913, en hann taldi að í hinum norræna kynstofni byggji „sérstakur lífskraftur“. (Óskar Bjarnason: „Þegar Íslendingar urðu forfeður þjóðverja“. *Skírnir. Tímarit hins íslenska bókmenntafélags*. Jón Karl Helgason og Róbert H. Haraldsson (ritsjórar). Hið íslenska bókmenntafélag, vor 1999, bls. 53-88, hér bls. 63.)

<sup>133</sup> Svafa Grönfeldt (formaður nefndar) o.fl.: *Ímynd Íslands. Styrkur, staða og stefna. Skýrsla nefndar*, bls. 4.

þjóðanna og vera meðal samkeppnishæfustu þjóða heims á nokkrum áratugum“.<sup>134</sup> Viðhorf af þessu tagi má meðal annars finna í grein Óskars Bjarnasonar „Þegar Íslendingar urðu forfeður Þjóðverja“ og í bók Sumarliða Ísleifssonar *Ísland framandi land*. Í grein sinni fjallar Óskar m.a. um komu Andreas Heusler til Íslands um aldamótin 1900, en hann var einn af þýðendum Thule ritraðarinnar. Heusler dáðist mjög að bókmenningu og náttúru landsins, og segir hann í lýsingu sinni um land og þjóð, að náttúran og bókmenntaarfurinn hafi án efa veitt Íslendingum styrk og vitsmunalega næringu í lífsbaráttunni og gert þá að „eðalþjóð norðursins“.<sup>135</sup> Hér er um að ræða upphafningu á hinum norræna kynstofni, sem haldist hafði nær óspjallaður frá landnámi. Beitt er söguskýringum á borð við goðsögnina um uppruna þjóðarinnar, eins og sjá má í skrifum Sumarliða, þar sem segir frá því hvernig forfeðurnir, „blómi Noregs“, sem fyrst námu hér land, voru einstaklega harðgerðir og sjálfstæðir.<sup>136</sup> Aðdáunin á hinum „eðalborna“ kynstofni ber með sér ákveðinn keim af fasískri hugmyndafræði. Þjóðernishroki og upphafning á íslenskri arfleifð og náttúru virðist takmarkalaus og er svo sem ekki ný af nálinni. Yfirburðir íslensku þjóðarinnar, sem fengið hafa á sig goðsögulegan blæ, eru komnir í forgrunn ímyndaruppbyggingarinnar.

### 3.4 Greining á *Fallegustu bók í heimi*

Verkið *Fallegasta bók í heimi*, uppsetning þess og titill gefa vissulega tilefni til margvíslegrar túlkunar, þó hér muni verða leitast við að greina verkið út frá þeirri hugmyndafræðilegu gagnrýni er birtist í því sem ádeila á þjóðarímyndina.

*Fallegasta bók í heimi* er gerð eftir að algert efnahagshrun hefur riðið yfir samfélagið og má því hæglega túlka sem beitta ádeilu á brenglað gildis- og siðferðismat samtímans, er birtist meðal annars í dómgreindarlausu oflæti efnishyggjuþjóðar, sem er í sjálfsmýndarkreppu. Uppgjör á hinni yfirlætislegu sjálfsmýnd þjóðarinnar er nauðsynleg í kjölfar hrunsins og kallar á ítarlega krufningu á þeirri þjóðernislegu ímynd, fagurfræði og sérkennum sem fest hafa hér rætur síðastliðinn áratug.

---

<sup>134</sup> Svafa Grönfeldt (formaður nefndar) o.fl.: *Ímynd Íslands. Styrkur, staða og stefna. Skýrsla nefndar*, bls. 26.

<sup>135</sup> Óskar Bjarnason: „Þegar Íslendingar urðu forfeður Þjóðverja“. *Skírnir*, vor 1999, bls. 53-88, hér bls. 61.

<sup>136</sup> Sumarliði Ísleifsson: *Ísland framandi land*, bls. 195.



*Fallegasta bók í heimi – Nýlistasafnið*

Verkið er innsetning, sem samanstendur af bókinni *Flora Islandica*, sem er stillt upp á sérsmíðaðan stöpul. Yfir því hangir ljós með skermi gerðum úr nautspungahúð unnum af Sigurði Hjartarsyni, forstöðumanni Reðasafnsins.<sup>137</sup> *Fallegasta bók í heimi* var fyrst tekin til sýningar í Nýlistasafninu en flutt síðar í Alliance-húsið með nokkuð breyttri uppsetningu. Í Nýlistasafninu var bókinni stillt upp í svartmáluðu innra rými sýningarsalarins, innan um og undir hinni sérútbúnu „hreðjalýsingu“.



*Fallegasta bók í heimi – Alliance-húsið*

<sup>137</sup> Helgi Snær Sigurðsson: „Skemmdarverk eða betra verk?“ *Mbl.is/gagnasafn*, 28. apríl 2011. [http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1376080;t=1317480224](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1376080;t=1317480224). Sótt 1. október 2011.



Í Alliance-húsinu var bókinni hins vegar komið fyrir inni í litlum svörtum mannheldum sérsmíðuðum klefa, staðsettum í miðju sýningarýminu, með einum litlum glugga, þar sem berja mátti verkið augum. Þegar horft er til þess hve hörð viðbrögð verkið vakti, þar sem þess var m.a. krafist að því yrði eytt, er sá umbúnaður sem verkið fékk skiljanlegur, og öðlaðist það um leið aðra og dýpri merkingu. Áhorfandinn þarf nú að standa á lengdar og virða verkið fyrir sér í gegnum gler eins og um ómetanlegan helgigrip væri að ræða, sem skapar bæði víska fjarlægð og upphafningu.



*Fallegasta bók í heimi* sýnir svo ekki verður um villst hvaða augum höfundarnir líta ímynd Íslands – ímynd, sem er komin langan veg frá þeirri ímynd, sem dregin er upp af þjóðinni í ímyndarskýrslu forsætisráðuneytisins. Með því að maka blaðsíður bókarinnar

ýmiss konar matvælum felst viðleitni til að jarðbinda og afhelga hina upphöfnu þjóðarímynd, sem á sér djúpar rætur í vitund þjóðar og er því mjög viðkvæm fyrir allri gagnrýni og háði. Það þarf ekki að líta lengra aftur en til uppátækja Duchamps til að sjá að hér er ekki um háðska nýbreytni að ræða. Er þar ekkert undanskilið og felst háðið ekki síst í lýsingunni, sem verkinu er búin, en „hreðjalýsingin“ beinir sjónum okkar að opinni bókinni, þar sem útataðar vatnslitaeikningar Eggerts blasa við okkur. Lýsingin hefur sterka tilvísun til nautsins, sem bæði er margræð og þversagnakennd, en í daglegu tali má finna ýmsar neikvæðar og jákvæðar samlíkingar, sem tengjast nautinu. Fyrst kemur upp í hugann hinn dolfallni áhorfandi, er starir á verkið eins og naut á nývirki, sem er lýst upp af birtu hins nautheimska, það er hins grunnhyggna og sjálfumglaða, sem baðar sig í eigin frægðarljóma. Önnur samlíking sem er mun jákvæðari er „nautsterkur“, en Íslendingar hafa löngum talið sig vera heimsins hraustustu og sterkustu menn og barið sér sjálfbirgingslega á brjósti eins og sönnum víkingi sæmir. Ekki er ólíklegt að nautið sé hér tákn hins vitgranna og sjálfbirgingslega, sem er dolfallinn yfir eigin náttúrulega krafti og hreysti, sem greina má sem kaldhæðna og skoplega sjálfsskoðun. Nautið er þó ekki eingöngu tákn hins sjálfumglaða heldur einnig

táknmynd karlmennskunnar. Allt það sem er „karlmannlegt að gerð“, svo sem hugrekki, líkamlegur styrkur og hreysti, hefur verið sem inngreipt í íslenska þjóðernisvitund.<sup>138</sup>

Einnig er athyglisverð sú umgerð sem verkinu var búið í Alliance-húsinu, sem virðist hafa ákveðna skírskotun til svörtu sérsníðnu línklæddu viðaröskjunnar, sem *Flora Islandica* „er lögð í“. Þó útgefanda bókarinnar hafi án efa ekki ætlað öskjunni hlutverk „líkkistu“, þá leikur mannheldi klefinn óneitanlega það hlutverk með hinu „rotnandi líki“, þ.e. bókinni. Jarðsetningin er óumflýjanleg líkt og það hlutskipti sem bíður ímyndarinnar.

Maturinn í verkinu undirstrikar einnig hverfuleikann, sem er árétting þess að ekkert er varanlegt eða óumbreytanlegt, þar með sjálft listaverkið, lífið, hefðir og gildi og ekki síst ímyndir. Grundvallarhugmyndin er hér sú sama og greina má í matarverkum Daniels Spoerri og Dieters Roth, þar sem virkni hins lífræna skiptir mestu máli fyrir heildarmynd eða útkomu verksins, sem gerir það að verkum að stöðug umbreyting á sé stað, löngu eftir að listamaðurinn er horfinn frá verkinu. Umbreytingin á sér stað með gerjun og rotnun, sem smám saman leiðir jafnvel til upplausnar blaðsíðna bókarinnar og heildarmyndin riðlast. Plönturnar verða æ ógreinilegri, sem að lokum leiðir á táknrænan hátt til algerrar útpurrkunar náttúrunnar. Hið trausta sameiningartákn, bókin og náttúran, leysist upp. Innihald bókarinnar er horfið og eftir stendur umgjörðin ein. Hér má meðal annars greina gagnrýni á þann tvískinnungshátt og hræsni, sem ríkt hefur meðal þjóðarinnar gagnvart náttúrunni, þar sem ekki er lengur hægt að tala um Ísland sem ímynd hinnar hreinu og óspilltu náttúru þegar við blasa risavaxnar stíflur, uppistöðulón og álverksmiðjur. Stóriðjustefnan, sem er rekin áfram af forráðamönnum þjóðarinnar, samræmist á engan hátt þeirri ímynd að Íslendingar lifi í nánú sambylí við náttúruna og umgangist hana með varfærni og virðingu. Þá er bókin sem önnur meginstoð ímyndarinnar orðin að „holum helgigrip“ í nútímasamfélagi, svo notuð séu orð Hannesar Lárussonar í nýlegu blaðviðtali.<sup>139</sup> Hér hriktir því heldur betur í báðum meginstöðum ímyndarinnar. Ímyndin er ekki lengur trúverðug, heldur er hún orðin hol eða innantóm, merkingarlaus líkt og bókin og spillt og útjöskuð líkt og náttúran.

Augljóslega er verkið veruleg ógn við þá þjóðarímynd sem haldið hefur verið á lofti og ráða má að höfundarnir leitist við að afbyggja hin ýmsu þrástef ímyndarinnar.

<sup>138</sup> Karlmennskuímyndin og þjóðernisímyndin var mjög samofin sjálfsmýnd þjóðarinnar á ofanverðri 20. öld. Hið sanna eðli þjóðarinnar einkenndist af karlmennsku. (Sigríður Matthíasdóttir: *Hinn sanni Íslendingur - þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900-1930*. Háskólaútgáfan, 2004, bls. 81-82.)

<sup>139</sup> Helgi Snær Sigurðsson: „Skemmdarverk eða betra verk?“ *Mbl.is/gagnasafn*, 28. apríl 2011. [http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1376080;t=1317480224](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1376080;t=1317480224). Sótt 1. október 2011.

Ímyndasmiðir forsætisráðuneytisins reyna hins vegar eftir fremsta megni að telja okkur trú um að aðeins sé til ein „rétt“ ímynd, sem sé óhagganleg.<sup>140</sup> Þjóðarímyndin þarf þó ekki að vera sú einsleita draumsýn sem dregin er upp í ímyndarskýrslunni og sýna fjölmörg verk samtímalistamanna þvert á móti, að ímynd getur tekið á sig ólíkar birtingarmyndir og er háð stöðugum breytingum.<sup>141</sup> Á þetta bendir Auður Ólafsdóttir í umfjöllun sinni um ímynd Íslands, þar sem hún segir, að þeir íslensku listamenn sem fengist hafa við menningarlega sérstöðu þjóðar, hafi allt eins leitað sér fanga í verkum, sem kenna má við alþýðulist, eins og útskurð og vefnað. Því má segja að menningarleg sérstaða og ímynd þurfi hvorki að vera háleit né upphafin.<sup>142</sup> Þá segir Auður: „Það má fullyrða að hugtakið „Ísland“ sem ímynd hins þjóðlega sjálfs hafi mörg andlit í heimi myndlistarinnar“.<sup>143</sup>

### 3.5 Hugmyndafræðileg gagnrýni

Í titli verksins, *Fallegasta bók í heimi*, má greina háðska gagnrýni á umfangsmikla markaðssetningu bókarinnar *Flora Islandica*. *Flora Islandica* er ekki einungis „fegursta bók heims“, heldur dýrasta bók Íslandssögunnar og jafnframt eitt glæsilegasta kynningarrit íslenskrar náttúru, sem unnið er af einum dáðasta listamanni þjóðarinnar. Það er vissulega ekki á hvers manns færi að eignast bókina sökum „dýrleika“ hennar, þótt erfitt sé að meta hlutverk bókverksins til „dýrleika“ í ímyndarsköpuninni í heimi markaðshyggjunnar. Líkt og Haukur Már bendir á í umfjöllun sinni um *Flora Islandica* og *Fallegustu bók í heimi*, þá sameinar *Flora Islandica* sem markaðsvara, þjóðarímyndina, náttúruna, listina og fjármagnið, með afgerandi hætti. Á þann hátt er hún „samofin úr öllum þeim grunnþáttum ríkjandi hugmyndafræði“<sup>144</sup> [nýfrjálshyggjunnar] sem sýningin *Koddu* beinist að.<sup>145</sup> Markaðsvæðing þjóðarímyndarinnar er meðal annars það, sem sýningarstjórar gera að umtalsefni sínu í katalóg sýningarinnar, þar sem menningin, landið og þjóðin ásamt ímyndum er beinlínis

<sup>140</sup> Svafa Grönfeldt (formaður nefndar) o.fl.: *Ímynd Íslands. Styrkur, staða og stefna. Skýrsla nefndar*, bls. 14.

<sup>141</sup> Auður A. Ólafsdóttir: „Ímynd Íslands, sagan, menningararfurinn og hin ýmsu sjálf Íslendingins“. *Saga. Tímarit sögufélags*, XLVI:2, 2008, bls. 56-85, hér bls. 83-84.

<sup>142</sup> Sama, bls. 71.

<sup>143</sup> Sama, bls. 74.

<sup>144</sup> Í ímyndarskýrslunni er hugmyndafræðin sögð; „[byggjast] á því að leita leiða til að bæta ímynd og ásýnd þjóða með samhæfðum markaðsaðgerðum og tilteknu vörumerki eða einkenni sem hefur jákvæð áhrif og bætir almennt viðhorf til landsins“. (Svafa Grönfeldt (formaður nefndar) o.fl.: *Ímynd Íslands. Styrkur, staða og stefna. Skýrsla nefndar*, bls. 11-12.)

<sup>145</sup> Haukur Már Helgason: „Bíddu aðeins, Flora koddu“. [Perspiredbyiceland.com](http://perspiredbyiceland.com), 22. apríl 2011. <http://haukur.perspiredbyiceland.com/2011/flora-koddu>. Sótt 24. september 2011.

„gert að „auðlind“ og markaðsett sem hið íslenska vörumerki“.<sup>146</sup> Í ímyndarskýrslu forsætisráðuneytisins er ímynd Íslands líkt við viðskiptavild, sem laði að fjármagn, viðskipti og ferðamenn.<sup>147</sup>

Þá beinist gagnrýnin að framferði markaðsaflanna og hins opinbera gagnvart hlutverki og stöðu listarinnar í íslensku samfélagi. Listamönnum eru settar mjög þröngar skorður og þess krafist að þeir leggi hönd á plóg og komi að markvissri og samstilltri uppbyggingu ritstýrðrar þjóðarímyndar.<sup>148</sup> Minnir þetta óneitanlega á þá áróðurslist, sem stunduð var í alræðisríkjum síðustu aldar, þar sem allri listrænni sköpun var miðstýrt í þágu pólitískrar hugmyndafræði.<sup>149</sup> Listamaðurinn, hvort sem hann er í hlutverki hins viðkunnanlega skemmtikrafts, menningarverkamanns eða listþjóns, hefur þar með tapað óskoruðu frelsi sínu með því að „vinna að háleitum þjóðþrifaverkefnum“.<sup>150</sup> Listamaður, sem er ofurseldur markaðsöflunum, og listaverkið hafa tapað „sjálfinu“.

Þessi afstaða stjórnvalda og hinna ýmsu fræðimanna gagnvart stöðu lista og hlutverki listamanna í nútímasamfélagi er að vonum óskiljanleg í augum þeirra sem líta svo á að listin eigi að vera vettvangur skapandi og gagnrýnnar umræðu. Listin sem gagnrýnið og virkt þjóðfélagsafl, sem leiða átti til betri heims og réttlátara þjóðfélags, er arfleifð framúrstefnunnar. Það var einkum framúrstefnulistamaðurinn Joseph Beuys sem gekk hvað lengst í því að víkka út svið listarinnar, með hugmyndum sínum um „social sculpture“, sem áður hefur verið getið. Beuys taldi sjálfsprottna gjörninga sína vera besta tjáningarformið til að koma skoðunum sínum á framfæri til samfélagsins. Að baki hverjum gjörningi hans lá sú sannfæring að listin ein gæti afhjúpað íhaldssama og úrelta hugmyndafræði og um leið „opinberað fánýti tilbúna lífsgæða“.<sup>151</sup> Markverð ábending til þjóðarinnar um hvort ekki sé nauðsyn að endurmeta hin raunverulegu gildi, þar sem alið hefur verið á efnishyggju á kostnað þeirra.

---

<sup>146</sup> Ásmundur Ásmundsson, Hannes Lárússon, Tinna Grétarsdóttir (ritsjórar): „KODDU“ (I. kafli).

*KODDU* (katalóg). Nýlistasafnið, 2011, bls. 3-4, hér bls. 3.

<sup>147</sup> Svafa Grönfeldt (formaður nefndar) o.fl.: *Ímynd Íslands. Styrkur, staða og stefna. Skýrsla nefndar*, bls. 4.

<sup>148</sup> Listamenn þóttu m.a. kjörnir í það hlutverk að búa til jákvæðar árangursögur, en slíkar sögur töldu skýrsluhöfundar vera eina bestu landkynningu sem völ væri á. (Svafa Grönfeldt (formaður nefndar) o.fl.: *Ímynd Íslands. Styrkur, staða og stefna. Skýrsla nefndar* bls. 37.)

<sup>149</sup> Gunnar J. Árnason: „Hlynur Hallsson og þátttökulist“. *Skírnir*, haust 2008, bls. 513-529, hér bls. 519.

<sup>150</sup> Ásmundur Ásmundsson, Hannes Lárússon, Tinna Grétarsdóttir (ritsjórar): „KODDU“ (VI. kafli). *KODDU* (katalóg), bls. 24-25, hér bls. 25.

<sup>151</sup> Halldór Björn Runólfsson: „Erlendar samtímastefnur“. *Súm 1965-1972*, bls. 117-127, hér bls. 124.

Þau hörðu viðbrögð sem verkið *Fallegasta bók í heimi* hlaut í íslensku menningarlífi og samfélagi varpar ljósi á þau ólíku viðhorf sem virðast ríkja í samfélaginu um hlutverk og eðli listarinnar. Verkinu er augljóslega ætlað að vekja okkur upp úr þeim tilfinningalega doða eða andvaraleysi sem einkennt hefur samfélagið. Markmiðið er að afhjúpa ríkjandi hugmyndafræði og orðræðu rétt eins og Beuys leitaðist við að gera í gjörningum sínum, þar sem þjóðin er beinlínis hvött til að taka þátt í útbreiðslu goðsagnarinnar, sem byggist á tálsýn og stýrist af gróðahyggju. Fletta ofan af goðsögnum og „klisjum“ sem voru sem inngreiptar staðhæfingar sem ekki hefur mátt hrófla við og vaxandi þjóðardrambi sem einkennt hefur samtímann.

Eins og áður hefur komið fram er endurtekningin veigamikill þáttur í listsköpun samtímans og má í því samhengi velja því upp hvort *Fallegasta bók í heimi* sé merkingarlaus endurtekning á því sem þegar hefur verið gert eða róttækur listgjörningur?

### **3.6 *Fallegasta bók í heimi*: Endurtekning eða róttækur listgjörningur?**

Sé litið til yfirlýsinga fræðimanna á borð við Peter Bürger og Andreas Huyssen þá virðist sú skoðun þrálát að samtímalistinn sé „síðbúin, óþörf og endurtekningarsöm“, <sup>152</sup> sem löngu hafi glatað „pólítískum sprengikraft sínum“. <sup>153</sup> Bürger heldur því fram í áhrifaríku riti sínu *Theorie der Avantgarde* (1974) að hinni sögulegu framúr stefnu hafi misheppnast það ætlunarverk sitt að gera listina að þjóðfélagslegu virku afli sem framvörður þjóðfélagslegra breytinga. Endurvinnsla nýframúr stefnulistamanna sé því ekkert annað en „misheppnuð eftirlíking og sorgleg stæling“ á því sem áður hafi verið gert. <sup>154</sup> Þessar fullyrðingar Bürgers hafa verið gagnrýndar meðal annars af Hal Foster sem segir að: „nýframúr stefnan sé ekki gagnrýnislaus eftiröpun á sögulegu framúr stefnunni, heldur skapandi endurtekning sem dregur í fyrsta sinn fram þá róttækni sem í henni bjó“. <sup>155</sup> Líkt og Benedikt Hjartarson bendir á í grein sinni „Af þrálátum dauða og upprisum framúr stefnunnar“ þá býr róttækni nýframúr stefnunnar í

---

<sup>152</sup> Hal Foster: „Hver er hræddur við nýframúr stefnuna“. *Ritið: 1/2006*, bls. 251-282, hér bls. 261.

<sup>153</sup> Benedikt Hjartarson: „Af þrálátum dauða og upprisum framúr stefnunnar“. *Són. Tímarit um óðfræði*. Kristján Eiríksson, Rósa Þorsteinsdóttir og Þórður Helgason (ritstjórar og útgefendur), 2010, bls. 173-207, hér bls. 189.

<sup>154</sup> Hal Foster: „Hver er hræddur við nýframúr stefnuna“. *Ritið: 1/2006*, bls. 251-282, hér bls. 264.

<sup>155</sup> Benedikt Hjartarson: „Verkefni framúr stefnunnar“. *Ritið: 1/2006*, bls. 225-226, hér bls. 225.

endurvinnsla á þeirri hefð sem á sér rætur í starfsemi hinnar sögulegu framúrstefnu. Gjörningur endurtekningarinnar gegnir hér lykilhlutverki.<sup>156</sup>

Hér að framan hefur verið greint frá því hvernig höfundar *Fallegustu bókar í heimi* hafa sótt í fagurfræðilega og pólitíska hefð framúrstefnunnar. Nú á tímum þegar ætla mátti að listin væri löngu hætt að ögra, olli gjörningurinn hneykslan og reiði, og verkið var fordæmt sem persónulegt níðingsverk. Hvers vegna vakti framtak höfundanna upp svo hörð viðbrögð? Gekk listgjörningurinn út fyrir öll velsæmismörk í þeirri viðleitni höfunda að ögra, til að endurtekningin gæti gegnt því hlutverki sem henni var ætlað? Það er að minnsta kosti ekkert nýstárlegt við það eitt að ata höfundaverk annarra matvælum líkt og áður er rakið. Það sem er róttækt við gjörninginn er að efniviðurinn er að flestra mati „orginal“ listgripur, framleiddur í takmörkuðu upplagi. En menn voru ekki á eitt sáttir hvort um var að ræða eyðileggingu á listaverki eða fjöldaframleiddri bók, er hafi við umbreytinguna orðið að nýju listaverki. Sköpun verksins fól óneitanlega í sér afskræmingu á *Flora Islandica*, en slík skemmdaverk eða helgimyndarbrot hafa ávallt fylgt framúrstefnunni. Dadaistarnir með Duchamp í fararbroddi voru hvað ötulastir í skemmdar- og niðurrifsstarfsemi, og tók það listheiminn nokkra áratugi að melta hinar nýstárlegu og byltingarkenndu hugmyndir. Það var ekki fyrr en á sjöunda áratug síðustu aldar sem listamenn stigu fram á sjónarsviðið með verk, sem eiga sér augljósa skírskotun í þekktustu verk Duchamps eins og Asger Jorn sem gekk þó skrefinu lengra en Duchamp að því leyti að hann tók „orginal“ listaverk og umbreytti. Verkin voru þó eftir lítt þekkta listamenn, sem honum áskotnuðust á flóamörkuðum. Hann málaði yfir þau með frumstæðum fígúrum og sýndi sem eigin verk. Eitt slíkra verka Jorns er sláandi líkt *Monu Lisu* Duchamps, portrett af ungru stúlku með yfirvaraskegg og hökutopp. Undirskrift verksins, „the avant-garde doesn't give up“,<sup>157</sup> má skilja á margvíslega vegu. Er hér um hreina og beina íroníu að ræða, sem beinist að listasmekk smáborgaranna, eða er listin komin í blindgötu, sorglega endurtekningu og í besta falli misheppnaða stælingu líkt og Peter Bürger heldur fram. Eða er endurtekningin orðin „að virku afli í gagnrýninni á ríkjandi

---

<sup>156</sup> Benedikt Hjartarson: „Af þrálátum dauða og upprisum framúrstefnunnar“. *Són. Tímarit um óðfræði*, 2010, bls. 173-207, hér bls. 189.

<sup>157</sup> Hal Foster o.fl.: *Art since 1900. Modernism, Antimodernism, Postmodernism*, bls. 395-397.

menningu“, svo notað sé orð Benedikts Hjartarssonar í greininni „Af þrálátum dauða og upprisum framúrstefnunnar“.<sup>158</sup>

Gjörningurinn er öðrum þræði endurtekning, þar sem sótt er í hefð framúrstefnunnar, og um leið róttækur listgjörningur sem felur í sér gagnrýni á hlutverk lista í samfélaginu, meint tjáningarfrelsi listamanna og valdsvið stofnanna, sem snerta menningu og listir, sem og róttæk gagnrýni á ríkjandi þjóðfélagsgerð. Sjálfsagt má einnig greina í gjörningnum ádeilu á hið varanlega og óumbreytanlega listaverk, upphafningu hins hverfula á kostnað hins varanlega sem tilraun höfunda til að stjaka við viðteknum hefðum og ímyndum. Róttæknin birtist ekki síst í eyðileggingu á vönduðu bókverki, sem er framar öllu táknmynd upphafinnar þjóðarímyndar, eftir einn virtasta listamann þjóðarinnar, sem vakið hefur athygli fyrir vandvirknislegar unnar blómamyndir sínar. Töldu margir að afskræming *Flora Islandica* beindist ekki síður gegn sjálfum listamanninum, um væri að ræða persónulegt níðingsverk.<sup>159</sup> Umbreytingin – eyðileggingin sem til verður fyrir tilverknað rotnunarinnar, er tákn endalokanna er felur jafnframt í sér sköpun nýs verks, upphaf nýs tíma og viðhorfa. Jarðsetning upphafinnar þjóðarímyndar á sér stað. Gjörningurinn sýnir svo ekki verður um villst, að listin hefur ekki glatað „menningarlegum og pólitískum sprengikrafti sínum“<sup>160</sup> og óhætt er að fullyrða að hún sé enn þjóðfélagslega virkt afl, eins og viðbrögðin og deilurnar bera vott um.

Á meðan *Flora Islandica* skírskotar til glæstrar fortíðar með fallegum táknmyndum sem teljast séríslenskar, skírskotar *Fallegasta bók í heimi* í eigin samtímaveruleika, í hugmyndafræði „ímyndarútgerðarinnar“. Verkin spegla hvort með sínum hætti birtingarmynd íslensks samfélags.

---

<sup>158</sup> Benedikt Hjartarson: „Af þrálátum dauða og upprisum framúrstefnunnar“. *Són. Tímarit um óðfræði*, bls. 173-207, hér bls. 205.

<sup>159</sup> Benedikt Hjartarson bendir m.a. á það í áður nefndri grein sinni að persónulegar árásir og jafnvel svívirðingar eigi sér „langa sögu innan framúrstefnunnar, sem rekja má aftur til ítalska fútúristans“. (Benedikt Hjartarson: „Af þrálátum dauða og upprisum framúrstefnunnar“. *Són. Tímarit um óðfræði*, bls. 173-207, hér bls. 205.)

<sup>160</sup> Benedikt Hjartarson: „Af þrálátum dauða og upprisum framúrstefnunnar“. *Són. Tímarit um óðfræði*, bls. 173-207, hér bls. 189.

## Heimildaskrá

- Aðalsteinn Ingólfsson: „Bók um bók frá bók ... Bókverk Dieters Rot á Íslandi, 1957-1961“. *Skírnir. Tímarit hins íslenska bókmenntafélags*. Vilhjálmur Árnason (ritstjóri). Hið íslenska bókmenntafélag, vor 1998, bls. 51-80.
- Auður A. Ólafsdóttir: „Ímynd Íslands, sagan, menningararfurinn og hin ýmsu sjálf Íslendingins“. *Saga. Tímarit sögufélags*, XLVI:2, 2008, bls. 56-85.
- Ásmundur Ásmundsson, Hannes Lárusson, Tinna Grétarsdóttir (ritstjórar): *KODDU* (katalóg). Nýlistasafnið, 2011.
- Bakhtín, Mikhail M. “Ímyndir veislunnar hjá Rabelais“. Jón Ólafsson (þýðandi) *Orðlist skáldsögunnar*. Benedikt Hjartarson (ritstjóri) Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2005, bls. 91-117.
- Benedikt Hjartarson: „Af þrálátum dauða og upprisum framúrstefnunnar“. *Són. Tímarit um óðfræði*. Kristján Eiríksson, Rósa Þorsteinsdóttir og Þórður Helgason (ritstjórar og útgefendur), 2010, bls. 173-207.
- Björn Th. Björnsson: *Aldateikn*. Mál og menning, 1973.
- Dagný Heiðdal, Halldór Björn Runólfsson og Laufey Helgadóttir: *Íslensk listasaga. Frá síðari hluta 19. aldar til upphafs 21. aldar. IV. bindi. Popplis, raunsæi og hugmyndalist*. Forlagið og Listasafn Íslands, 2011.
- Dempsey, Amy: *Styles, Schools and Movements*. Thames & Hudson, 2002.
- Guðni Tómasson (umsjónarmaður): *Víðsjá*, Ríkisútvarpið. 26. apríl, 2011.
- Gunnar J. Árnason: „Hlynur Hallsson og þáttökulist“. *Skírnir. Tímarit hins íslenska bókmenntafélags*. Halldór Guðmundsson (ritstjóri). Hið íslenska bókmenntafélag, 2007, bls. 513-529.
- Gunnar Harðarson: „Trönurnar fljúga“. Smásmíðar. *Tilraunir um bóklist og myndmenntir*. Bjartur, 1998, bls. 11-39.
- Gunnþórunn Guðmundsdóttir og Svanhildur Óskarsdóttir (ritstjórar): *Ritið:1/2005*. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, 2005.
- Gunnþórunn Guðmundsdóttir og Ólafur Rastrick (ritstjórar): *Ritið: 1/2006*. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, 2006.
- Hal Foster, Rosalind Krauss, Yve-Alain Bois og Benjamin H. D. Buchloh: *Art since 1900. Modernism, Antimodernism, Postmodernism*. Thames & Hudson, 2004.
- Hannes Sigurðsson (ritstjóri og sýningarstjóri): *Lífæðar* (sýningarskrá), 1999. (útgefandi kemur ekki fram)
- Illugi Jökulsson (aðalhöfundur): *Ísland í aldanna rás, 1900-1950. Saga lands og þjóðar ár frá ári*. Sigríður Harðardóttir (ritstjóri). JPV forlag, 2001 (2. prentun).
- Illugi Jökulsson (aðalhöfundur): *Ísland í aldanna rás, 1951-1975. Saga lands og þjóðar ár frá ári*. Sigríður Harðardóttir (ritstjóri). JPV forlag, 2001 (2. prentun).



- Niels Hafstein (ritstjóri) *Dieter Roth* (Sýningarskrá). Nýlistasafnið, 1994.
- Novero, Cecilia: *Antidiets of the Avant-Garde: From Futurist Cooking to Eat Art*. University of Minnesota, Minneapolis, London, 2010.
- Ólöf K. Sigurðardóttir: (ritstjóri) *Eggert Pétursson*. (Sýningarskrá). Listasafn Reykjavíkur, 2007.
- Óskar Bjarnason: „Þegar Íslendingar urðu forfeður Þjóðverja“. *Skírnir. Tímarit hins íslenska bókmenntafélags*. Jón Karl Helgason og Róbert H. Haraldsson (ritsjórar). Hið íslenska bókmenntafélag, vor 1999, bls. 53-88.
- Ragna Sigurðardóttir: „Gosbrunnurinn“. *Lesbók Morgunblaðsins*, 29. mars 2008.
- Sigríður Matthíasdóttir: *Hinn sanni Íslendingur - Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900-1930. Háskólaútafán*, 2004.
- Sumarliði Ísleifsson: *Ísland framandi land*. Mál og menning, 1996.
- Sumarliði R. Ísleifsson: „Villimenn Norðursins verða Hellenar Norðursins“. *Ímyndir og ímyndafræði*. Clarence E. Glad (ritstjóri). ReykjavíkurAkademían, 2011, bls. 110-122.
- Súm 1965-1972*. Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir, 1989.
- Svafa Grönfeldt (formaður nefndar) o.fl.: *Ímynd Íslands. Styrkur, staða og stefna. Skýrsla nefndar*. Forsætisráðuneytið (útgefandi), 2008.
- Yfirlýsingar. Evrópska framúrstefnan*. Vilhjálmur Árnason (ritstjóri): Áki G. Karlsson, Árni Bergmann og Benedikt Hjartarson (þýðendur og rituðu inngang) Hið Íslenska bókmenntafélag, 2001.
- Þorsteinn J. Vilhjálmsson: *Káta maskínan*, Ríkissjónvarpið, 4. desember 2008.
- Vefheimildir**
- Anna Jóhannsdóttir: „Meistaratök“. *Lesbók Morgunblaðsins*, 22. september 2007.  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=285120&pageId=4150278&lang=is&q=22](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=285120&pageId=4150278&lang=is&q=22).  
Sótt 22. nóvember 2011.
- Auður Ólafsdóttir: „Hið upphafna norður“. *Mbl.is/gagnasafn*, 13. október 2001.  
[http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=630979](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=630979). Sótt 5. október 2011.
- Bergsteinn Sigurðsson: „Sáralítið breyst eftir hrun“. *Vísir.is*, 16. apríl 2011.  
<http://vefblod.visir.is/print.php?aid=267720>. Sótt 30. ágúst 2011.
- Bókaútgáfan Crymogea: „Fegurðin býr í bókum“. *Crymogea.is*, 29. mars 2010.  
<http://www.crymogea.is/Frett/11242/>. Sótt 1. október 2011.
- Gunnar Guðbjörnsson: „Vegna umdeildrar sýningar – Fréttatilkynning frá Nýlistasafninu“. *Pressan.is*, 20. apríl 2011.  
[http://www.pressan.is/Menningarpressan/Lesa\\_Myndlist/vegna-umdeildrar-syningar--frettatilkynning-fra-nylistasafninu](http://www.pressan.is/Menningarpressan/Lesa_Myndlist/vegna-umdeildrar-syningar--frettatilkynning-fra-nylistasafninu). Sótt 20. september 2011.

- Gunnar Guðbjörnsson: „Enn af erjum á Nýlistasafninu“. *Pressan.is*, 21. apríl 2011.  
[http://www.pressan.is/Menningarpressan/Lesa\\_Myndlist/enn-af-erjum-a-nylistasafninu?page=2&offset=0](http://www.pressan.is/Menningarpressan/Lesa_Myndlist/enn-af-erjum-a-nylistasafninu?page=2&offset=0). Sótt 1. október 2011.
- Haukur Már Helgason: „Bíddu aðeins, Flora koddu“. *Perspiredbyiceland.com*, 22. apríl 2011. <http://haukur.perspiredbyiceland.com/2011/flora-koddu>. Sótt 24. september 2011
- Helgi Snær Sigurðsson: „Skemmdarverk eða betra verk?“. *Mbl.is/gagnasafn*, 28. apríl 2011.  
[http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1376080;t=1317480224](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1376080;t=1317480224). Sótt 1. október 2011.
- Hlynur Helgason: „Umbrot og myndskreyti“. *Fugl.is*, 21. apríl 2011.  
[http://fugl.is/hlynur\\_helgason/2011/04/umbrot-og-myndskreyti.html](http://fugl.is/hlynur_helgason/2011/04/umbrot-og-myndskreyti.html). Sótt 28. september 2011.
- Íris Ellenberger: „Markaðsvæðing sjálfsmyndarinnar“. *Kistan.is*, 15. júní 2010.  
[http://www.kistan.is/default.asp?sid\\_id=25401&&tId=2&Tre\\_Rod=005%7C&fre\\_id=104170&meira=1&&qsr](http://www.kistan.is/default.asp?sid_id=25401&&tId=2&Tre_Rod=005%7C&fre_id=104170&meira=1&&qsr). Sótt 25. september 2011
- Jón Bjarki Magnússon: „Endurspeglar gífurlegan ótta í samfélaginu“. *DV.is*, 21. apríl 2011.  
<http://www.dv.is/frettir/2011/4/21/endurspeglar-gifurlegan-otta-i-samfelaginu/>. Sótt 3. september 2011.
- Jón Bjarki Magnússon: „Listaverk læst inn í mannheldum klefa“. *DV.is*, 30. apríl 2011.  
<http://www.dv.is/frettir/2011/4/30/listaverk-laest-inni/>. Sótt 3. september 2011.
- Kristinn E. Hrafnsson: „Tortímandinn“. *Smugan.is*, 23. apríl 2011.  
<http://smugan.is/2011/04/Tortimandinn>. Sótt 31. ágúst 2011.
- Nýlistasafnið: KODDU. *Nylo.is*, 12. apríl 2011.  
<http://nylo.is/index.php?option=content&task=view&id=802&Itemid=352>. Sótt 1. október 2011.
- Pjetur Stefánsson: „Af fagurfræði og listum“. *Mbl.is/gagnasafn*, 2. maí 2011.  
[http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1376647;t=1316429490](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1376647;t=1316429490). Sótt 19. september 2011.
- Ragna Sigurðardóttir: „Listin og heita vatnið“. *Vísir.is*, 2. maí 2011.  
<http://www.visir.is/listin-og-heita-vatnid/article/2011704309999>. Sótt 27. september 2011.
- Ragna Sigurðardóttir: „Verksúmmarkeði liðins tíma“. *Lesbók Morgunblaðsins*, 7. febrúar 2004. [http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=779569](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=779569). Sótt 20. október 2011.
- Ritstjórn DV: „Svartur dagur í sögu tjáningafrelsis á Íslandi“. *DV.is*, 21. apríl 2011.  
<http://www.dv.is/frettir/2011/4/21/svartur-dagur-i-sogu-tjaningafrelsis-islandi/>. Sótt 3. september 2011.
- Sigríður Ingvarsdóttir: „Hver verður í Feneyjum til 18. júlí? Marcel Duchamp“. *Mbl.is/gagnasafn*, 26. júní 1993.

[http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=107770](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=107770). Sótt 11. október 2011.

Valur Grettisson: „Nýlistasafnið hefur lokað hluta af umdeildu listasýningunni Koddu“. *Vísir.is*, 20. apríl 2011. <http://www.visir.is/nylistasafnid-hefur-lokad-hluta-af-umdeildu-listasyningunni-koddu/article/2011110429882>. Sótt 20. september 2011.

## **Myndaskrá**

Innsetning: *Fallegasta bók í heimi* í Nýlistasafninu, ljósmynd tekin af Ingvari Högna Ragnarssyni, bls. 31.

*Fallegasta bók í heimi* í Alliance-húsinu, ljósmynd tekin af Hannesi Lárussyni, bls. 31.

Nærmynd af *Fallegustu bók í heimi* í Nýlistasafninu, ljósmynd tekin af Ingvari Högna Ragnarssyni, bls. 32.